



Það var ekkert gefið eftir á æfingu kvennalandsliðsins í knattspyrnu daginn fyrir fyrri æfingaleik Stelpnanna okkar gegn Írlandi sem fer fram í dag. Tæplega tíu mánuðir eru frá síðasta heimaleik kvennalandsliðsins og er búið að gefa leyfi fyrir átján hundruð áhorfendum í Laugardalnum í dag. Þetta eru lokaleikir Íslands fyrir undankeppni HM 2023 sem hefst í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Ríkið viðurkennir brot og semur um bætur til Magnúsar Guðmundssonar

Mál fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg hefur verið fellt niður hjá Mannréttindadómstól Evrópu vegna dómsáttar sem hann hefur náð við íslenska ríkið.

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Dómsátt hefur verið gerð milli íslenska ríkisins og Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg, vegna máls Magnúsar hjá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE). Málið var af þessum sökum fellt niður hjá MDE í gær.

Eins og Fréttablaðið greindi frá féllst MDE á að taka mál hans til efnislegrar meðferðar í júní í fyrra. Magnús var sakfelldur fyrir aðild að markaðsmisnotkun og umboðs- svik í svokölluðu markaðsmisnotkunarmáli Kaupþings í Hæstarétti árið 2016. Með sakfellingunni var dómi héraðsdóms snúið við að hluta en þar var tveimur ákæruliðum á hendur Magnúsi vísað frá dómi en hann sýknaður af öðrum ákærum.

Hann byggði kæru sína til MDE á því að tveir dómarmenn við Hæstarétt, Ingvaldur Einarsdóttir og Þorgeir Örlygsson, hafi verið vanhæf til að fella dóm á mál hans vegna starfa

2,2

Magnús fær 2,2 milljónir í bætur og getur sótt um endurupptöku.

sona þeirra. Sonur Ingvaldar var aðstoðarsaksóknari hjá sérstökum saksóknara og sonur Þorgeirs var yfirlögfræðingur hjá slitastjórn Kaupþings.

Með dómsáttinni afsalar Magnús sér rétti til að gera frekari kröfur á

hendur ríkinu í málinu en ríkið viðurkennir, með vísan til dóms MDE í Al-Thani málinu, að brotið hafi verið gegn rétti Magnúsar til réttlátrar málsmeðferðar, en í því máli komst MDE að þeirri niðurstöðu að hæfi dómars Árna Kolbeinssonar hefði ekki verið hafið yfir vafa en sonur hans starfaði fyrir bankann, bæði fyrir fall hans og eftir að hann varð gjaldþrota.

Í sáttinni er einnig viðurkenndur réttur Magnúsar til að óska eftir endurupptöku málsins á grundvelli gildandi laga. Ríkið fellst einnig á að greiða Magnúsi 15.000 evrur, eða rúmar 2,2 milljónir króna, í bætur. ■

Skrá um fljúgandi furðuhluti ekki til

urduyrr@frettabladid.is

GEIMVÍSINDI Þrátt fyrir að nokkuð beri á að tilkynnt sé um óþekkt hluti í loftrýminu er engin skrá haldin hér á landi um fljúgandi furðuhluti.

Tilkynningarnar berast Landhelgisgæslunni, lögreglu og Veðurstofunni. Öll atvik af þessu tagi eru tilkynnt til stjórnstöðvar NATO sem tekur ákvarðanir um hvað og hvort eitthvað sé gert.

„Oftast er um óvenjulegt ljósbrot í skýjum að ræða og stundum eitthvað annað sem útskýrist af geimveðri, loftsteinum eða ferð reikistjarna eða gervihnatta,“ segir Elín Björk Jónasdóttir, hópstjóri veðurþjónustu. ■ – SJÁ SIÐU 8

Rafmögnuð

SUMARHÁTÍÐ

HEKLU

Veltibíllinn!

Á MORGUN
LAUGARDAGINN 12. JÚNÍ
FRÁ 12:00-16:00

FRUMSÝNING!
Fjór hjóladrífinn!
ID.4 GTX

BÍLL
ÁRSINS
2021

BÍLADAMA

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is

Audi

VW

Green

Mitsubishi



Katrín Jakobsdóttir lagði fram til-
lögur um breytingar í eigin nafni.

Stjórnarskrármál til umræðu í dag

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Frumvarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um breytingar á stjórnarskrá er á dag-skrá fundar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar klukkan níu í dag. Samkvæmt heimildum blaðsins liggur engin sátt fyrir um hvort eða hvernig málið verður afgreitt úr nefnd.

Rætt hefur verið um möguleika á að hluti frumvarpsins verði tekinn til umræðu með von um samþykkt einhverra ákvæða, til dæmis ákvæðis um íslenska tungu, eða einhverrar breytingatillögu sem komið hefur fram um málið. Til dæmis gæti náðst sátt um tillögu Loga Einarssonar um breytingaákvæði stjórnarskrárinnar.

Náist sátt um frumvarpið eða hluta þess getur lokaafgreiðsla þess þó ekki farið fram nema á sérstökum þingstubbi í haust þar sem rjúfa þarf þing og boða til kosninga strax og breytingar á stjórnarskrá hafi verið samþykktar. ■

Íslandssagan hvítþvegin



Hreinsun stendur nú yfir á þeim kumpánum Kristjáni IX. Danakonungi og Hannesi Hafstein, ráðherra Íslands, þar sem þeir standa fyrir framan Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Blágræn tjöld umlykja heiðursmennina til þess að tryggja þeim næði á meðan hreinsunarlið stjarar við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Góðar horfur fyrir laxveiðitímabilið

thorgrimur@frettabladid.is

STANGVEIÐI „Það hefur ræst ótrúlega vel úr þessu,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafnansóknastofnun, um aðsókn á laxveiðitímabilinu sem er að hefjast. Kórónaveirufaraldurinn hafi dempað aðsókn útlendinga til íslenskra laxveiðimiða nokkuð á síðasta ári en hún sé að taka við sér fljótt og örugglega. Þá séu sjálfar veiðihorurnar góðar: „Fjöldi smálaxa gefur ákveðnar vísbendingar um fjölda stórlaxa næsta ár.“

Nú til dags er mun stærra hlutfalli stórlaxa sem veiðast sleppt en tiðkaðist áður, að sögn Guðna. Skýrist þetta meðal annars af fækkun stórlaxa frá níunda áratugnum til ársins 2000 sem flest veiðifélög féllust á að sporna við með því að sleppa lögum yfir tiltekinni stærð. „Það sem við erum að sjá í tölunum núna er að þeim fer aftur fjölgandi. Þannig að



Guðni Guðbergsson.

þær aðferðir hafa verið að skila sér.“

Guðni á von á að veiðin haldi áfram að batna 2021 eftir að hún náði sér á strik eftir lögð 2019. „Hversu hátt við förum er erfitt að segja þar sem nú er kominn meiri óstöðugleiki en við sjáum í gagnaröðinni sem liggur fyrir frá því um 1950.“

Guðni býst jafnframt við frekari vexti hnúðlaxastofnsins, sem var fyrst veiddur árið 1960 eftir að hann var fluttur frá Kyrrahafsströnd Rússlands til Hvítahafs og Kólaskaga. „Það var alltaf einn og einn fiskur að koma hér sem flækingur til ársins 2015 en þá varð veruleg aukning.“ ■

Íslenskur matur geggjjaður segja skipverjar á skútunni

Henry, Alexandra og Gabriel eru nemendur í Strandgæsluskóla Bandaríkjanna. Þau sigldu til Íslands frá Bandaríkjunum á seglskútu og hafa verið á ferðalagi í fimm vikur. Í gær nutu þau dagsins í Reykjavík, þar sem þau segja að alls staðar megi finna gott kaffi.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Við komum hingað á seglskútu,“ segir Henry Matamoros Flores, nemi frá Hondúras. Hann skoðaði Hallgrímskirkju í gær ásamt Alexöndru Kukal og Gabriel Berrios. Þau eru öll nemendur í Strandgæsluskóla Bandaríkjanna (e. Coast Guard Academy of the United States) og sigldu hingað til lands frá Bandaríkjunum á seglskútu á vegum skólans.

Henry, Alexandra og Gabriel eru öll 19 ára og hafa verið í fimm vikur á skútunni. Þau hafa meðal annars ferðast á norðurheimskaustssvæðið en ljúka nú ferð sinni hér á Íslandi og fljúga heim til Bandaríkjanna á morgun. Þau hafa ekki fengið mikinn frítíma á ferðinni en nutu Reykjavíkur í gær og ætla sér að ganga að eldgosinu í Geldingadölum í dag.

„Okkur líkar mjög vel við Ísland og það er geggjjaður matur í Reykjavík,“ segir Alexandra og Henry og Gabriel taka báðir undir. „Við fengum geggjjað íslenskt rúgbrauð og fisk í gær sem var mjög gaman að smakka,“ segir Gabriel.

Restinni af deginum í gær stefndi þríeykið á að eyða á kaffihúsum borgarinnar. „Það skiptir engu máli hvert við förum, alls staðar er gott kaffi,“ segir Alexandra. „Við förum til dæmis á Kaffi Babalú sem var frábært, sérstaklega salernið sem var með Star Wars þema,“ segir Gabriel.



Hún er engin smásmíði, skútan sem nemendurnir hafa verið á í fimm vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gabriel, Alexandra og Henry skoðuðu meðal annars Hallgrímskirkju í gær og ætla að ganga að eldgosinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Henry, Gabriel og Alexandra eru öll fullbólusett gegn Covid-19 og segjast ánægð með að geta ferðast á ný eftir síðasta ár sem þau eyddu að miklu leyti í sóttkví og einangrun. Þau virðast ekki vera einu ferðamennirnir sem ákveðið hafa að ferðast til Íslands, en Reykjavík er farin að líkjast sjálfri sér aftur með fjölgun ferðamanna sem sjást nú á hverju strái.

„Við erum vön hlýrra veðri í júní, en hér er þó mun hlýrra en það var á norðurheimskautinu,“ segir Alexandra. „Það er skrítið hversu hratt veðrið breytist hér,“ segir Henry. „Núna er sól og blíða en rétt áðan var rigning og rok, þetta er eitthvað sem við erum ekki vön,“ bætir hann við.

Þau segjast sammála um að gott verði að koma heim eftir ferðalag. „Við erum búin að vera á skútunni lengi, sofum meira að segja þar.“ ■

SUMARTILBOÐ



Frá Pýskalandi



TURBO ZONE

SIMPLE CLEAN

FRÍ HEIMSENDING
Nánar á www.grillbudin.is

Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

Grillbúðin

SUMARTILBOÐ
Kr. 139.900
Fullt verð kr. 149.900

- **Afl 18,35 KW = 62.600 BTU**
- 800 °C TURBO ZONE™ Ofurbrennari
- 3 brennar úr ryðfriðu stáli
- Bakbrennari fyrir grilltein
- Gashella í hliðarborði
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Tvöfalt einangrað lok
- Gluggi – Þú sérð hvað er að gerast
- Switch Grid grillgrindarkerfi
- Simple Clean kerfi = Mjög auðveld þrif
- Heat Range hitajöfnunar kerfi
- Grillflötur: 62x43 cm
- Stærð (BxHxD): 143,5 x 118,5 x 58 cm

Smiðjuvegi 2, Kópavogi
Sími 554 0400
www.grillbudin.is



KOMDU Í PARTÍ

Sólin sýnir lit

SUMARHÁTIÐ TOYOTA
Á MORGUN KL. 12-16



Grillveisla, litríkir bílar, stanslaus gleði og söluráðgjafar í sannkölluðu sumarskapi. Verið öll hjartanlega velkomin til okkar milli klukkan 12 og 16 á laugardaginn. Sólin hefur aldrei skinið skærar en nú.

Sjáumst í sólskinsskapi hjá Toyota Kaupþúni og Toyota Akureyri.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Andlega veikur maður fékk skilorð fyrir nauðgun

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Karlmaður með væga þroskahömlun og ýmis andleg vandamál var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir nauðgun í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Brotapoli er fyrrverandi kærasta mannsins en brotið átti sér stað í nóvember 2019.

Dómfellda og brotapola bar nánast saman um málavexti í



Reykjavíkumaraþon var síðast hlaupið sumarið 2019.

Maraðonið styrkt um tíu milljónir

adalheidur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið hafa náð samkomulagi um að styðja við fjármögnun Reykjavíkumaraþons vegna taps sem varð á hlaupinu í fyrra en fella þurfti hlaupið niður vegna samkomutakmarkana sem þá voru í gildi. Samkvæmt samkomulaginu reiða ríki og borg fram fimm milljónir hvort, alls tíu milljónir.

Þetta kemur fram í fundargerð um fund borgarráðs í gær þar sem borgarstjóra var veitt umboð til að skrifa undir samkomulag við ráðuneytið og Íþróttabandalag Reykjavíkur vegna málsins. ■

Heiðursverðlaun fyrir barnaleikhús

adalheidur@frettabladid.is

SVIÐSLISTIR Hallveigu Thorlacius brúðuleikara og Þórhalli Sigurðssyni, leikara og leikstjóra, voru veitt heiðursverðlaun Grímunnar 2021 á verðlaunahátíðinni sem fór fram í Tjarnarbíói í gærkvöldi. Það var forseti Íslands sem veitti þeim verðlaunin fyrir brautryðjendastarf í íslensku barnaleikhúsi. ■

Sjá nánar á [frettabladid.is](#)

skýrslu hjá lögreglu. Hann hafi beðið brotapola ítrekað um kynlíf en hún neitað því. Hann hafi þrátt fyrir það haft samfarir við hana því meðan þau hafi verið kærustupar hafi þau oft stundað kynlíf meðan annað þeirra svæfi og hann talið að það gildi enn um þau umrædda nótt. Hann hafði aftur samfarir við hana morguninn eftir gegn neitun hennar.

Það var niðurstaða dómsins að

»

Dómurinn telur manninn hafa mest gagn af stuðningi, kennslu og handleiðslu fagmanna.

maðurinn hafi gerst sekur um alvarlegt kynferðisbrot sem hafði mikil áhrif á andlega heilsu brotapola. Hann hafi brotið alvarlega gegn kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétti hennar og er honum gert að sæta fangelsi í tvö ár.

Í dómnum segir að þrátt fyrir að maðurinn teljist sakhæfur glími hann við ýmis vandamál, svo sem ADHD, þroskahömlun, væg merki um heilaskaða, persónuleikarösk-

un og „vissa siðblindu“. Erfitt sé að sjá að refsing beri árangur og hann hafi fyrst og fremst gagn af stuðningi, kennslu og handleiðslu fagmanna vegna þroskahömlunarinnar og geðræns vanda. Var refsing hans því skilorðsbundin en ákveðið að hann skuli sæta sérstöku eftirliti á skilorðstímanum. Þá er honum gert að greiða konunni 1,5 milljónir króna í miskabætur vegna brotsins. ■

Vara við áhrifum ágengra tegunda

Tveir fulltrúar í starfshópi umhverfisráðherra gátu ekki fellt sig við nýja landsáætlun um skógrækt. Telja þeir ekki nægilega hugað að öðrum hagsmunum og að notaðar séu ágengar tegundir. Skógræktarstjóri hafnar því að stafafura sé ágeng.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Sjö manna starfshópur umhverfisráðherra um nýja skógræktaráætlun klofnaði og skilðu tveir fulltrúar harðorðu séráliti. Samkvæmt áætluninni þarf að auka skógrækt verulega til þess að Ísland nái kolefnismarkmiðum sínum fyrir árið 2040. Lýtur sérálitið meðal annars að áframhaldandi notkun ágengra trjátegunda og að ekki sé hugað nægilega vel að annarri landnotkun og lífríki, svo sem fuglalífi.

„Drög að landsáætlun í skógrækt, eins og hún hefur verið sett fram, gæti haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir lífríki Íslands til langrar framtíðar og því haft ófyrirséðan kostnað í för með sér,“ segir í niðurlagi álitsins sem Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur og Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur sömdu.

Í nefndinni var deilt um hvort tiltekna trjátegundir væru ágengar, það er stafafura, sitkagreni og fleiri erlendar tegundir. Hafa ýmis félög, svo sem Náttúrufræðistofnun, Hið íslenska náttúrufræðifélag og Vistfræðifélag Íslands, bent á að svo sé.

„Í markmiðum laga um skógrækt og aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum er lögð áhersla á endurheimt birkiskóga, víðikjarrs og mólendis,“ segir Salvör. „Það hlýtur að vera ákjósanlegri kostur en að stunda ræktun með trjáplöntum sem breyta þeim vistkerfum sem við höfum skuldbundið okkur til að vernda.“

Aðspurður um kostnaðinn segir



Hart var deilt um hvort stafafura og fleiri tegundir væru ágengar.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

»

Furan er aðal jólatré Íslendinga og ekkert inni í myndinni að hætta að nota hana



Próstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri.

Tómas óljóst á hverjum hann muni lenda, landeigendum, sveitarfélögum eða ríki. Erlendis hafi mikill kostnaður orðið til að halda ágengum trjátegundum utan nátt-

úruverndarsvæða og annarra svæða þar sem þær eru ekki velkomnar.

„Það er óljóst hvernig við ætlum að koma þessari skógrækt sem er áætluð fyrir í landinu án þess að hafa veruleg neikvæð áhrif á ýmsa þætti sem eru verndaðir með lögum og alþjóðasamningum,“ segir Tómas. Huga verði að öðrum hagsmunum, svo sem fuglalífi, landbúnaðarlandi, útsýni og fleiru og verulegt greiningarstarf sé enn óunnið.

„Stafafuran sem dæmi er ein af ágengustu trjátegundunum. Hún er frumherjategund sem vex á lítið grónum svæðum og grónum og framleiðir mikið fræ. Líkt og lúpína eða Covid getur hún dreift sér í veldisvexti,“ segir Tómas.

„Stafafura er ekki ágeng og það að einhver haldi því fram gerir hana ekki ágenga,“ segir Próstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri og formaður starfshópsins. En í áætluninni er því sérstaklega slegið föstu að þær tegundir sem nú eru notaðar séu ekki ágengar og að mun auðveldara sé að stjórna útbreiðslu trjáa en

flestra annarra lífvera vegna stærðar og langs kynslóðatíma. „Stafafura er mikilvæg tegund í íslenskri skógrækt og gefur mjög mikið í timburframleiðslu, uppgræðslu og kolefnisbindingu. Furan er aðal jólatré Íslendinga og ekkert inni í myndinni að hætta að nota hana,“ segir hann.

Próstur segir óheppilegt að nefndarmenn hafi ekki orðið sammála um áætlunina. Hann stendur þó fyllilega við það sem þar stendur. „Áhrif skógræktar á annað lífríki hafa verið könnuð verulega, meðal annars í stóru verkefni er kallast Skógvíst. Við höfum þær niðurstöður,“ segir Próstur.

Aðspurður um hvort aukin skógrækt hafi áhrif á varplönd fugla segir hann svo vissulega vera. „Aðrar tegundir koma þá í staðinn,“ segir Próstur. „Allar breytingar á vistkerfum hafa í för með sér breytingar á stofnstærðum lífvera. Ekki aðeins skógrækt, heldur líka endurheimt votlendis, ruðningur skóglendis, beit sauðfjár á land og fleira.“ ■



SONAX[®]
MADE IN GERMANY

ÚÐI + VÖRN FRÁ SONAX GEFUR GÓÐAN GLJÁA

www.sonax.is

Meira sérvalið



20%
afsláttur

♦ SÉRVALIÐ ♦



Grillsósir
Hannaðar af fagmönnum fyrir þig

599 kr/stk

♦ SÉRVALIÐ ♦

Lambaprime í grillsmjöri

3.599 kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg

♦ SÉRVALIÐ ♦



Tilbúið meðlæti
Baconfylltar kartöflur, brokkolísalat
og sætkartöflusalat

599 kr/pk

Tilboð gilda út 13. júní



20%
afsláttur

100%
HREIN
AFURÐ

Kjúklingalundir

2.079 kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg



15%
afsláttur

♦ SÉRVALIÐ ♦

Lambalærissneiðar
Með salvíu, oregano og chili

2.889 kr/kg

Verð áður 3.399 kr/kg



20%
afsláttur

Nautgripahamborgarar
2 x 120 g

399 kr/pk

Verð áður 499 kr/pk



20%
afsláttur

Kornfleks-, oriental- og
piparhjúpaðar kjúklingalundir

3.199 kr/kg

Verð áður 3.899 kr/kg



Sour Patch
Þetta eina sanna

Verð frá 349 kr/pk



Sitrónu, leynibragð &
límónu & ylliblóma

Verð frá 119 kr/stk

HAGKAUP



Fimleikar eru vinsælir í Hafnarfirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölgunin skilaði verðlaunum ÍBH

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Jafnréttishvataverðlaun ársins í Hafnarfirði hlutu annars vegar Fimleikafélagið Björk fyrir mestu iðkendafjölgun drengja og hins vegar Fimleikafélag Hafnarfjarðar fyrir mestu iðkendafjölgun stúlkna. Bæði félögin hlutu 500 þúsund í verðlaunafé en alls var 12 milljónum króna úthlutað til íþróttastarfs yngri en 18 ára í Hafnarfirði.

Río Tinto og Hafnarfjarðarbær greiða 10 milljónir króna á ári hvor aðili inn í samstarfið til stuðnings íþróttum barna og unglinga í Hafnarfirði. Samningur um úthlutun íþróttastyrkja hefur verið í gildi frá árinu 2001. FH hlaut langhæsta styrkinn, eða rúmar fjórar milljónir, en Haukar fengu 2,3 milljónir. ■



Brynjar Björn Gunnarsson þjálfar HK inni í Kór.

HK vill komast undir bert loft

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Íþróttafélagið HK hefur farið fram á við bæjaryfirvöld í Kópavogi að skipuð verði undirbúningsnefnd vegna uppbyggingar keppnisvallar við Kórinn. Á völlum inn að vera úti en HK spilar heima-leikina sína inni í Kórnum.

Í bréfi frá HK til bæjarins segir að skráðum iðkendum í knattspyrnu hjá HK hafi fjölgað um 110 prósent á átta árum.

„Aðalstjórn HK vill með þessu erindi óska eftir að skipað verði í undirbúningsnefnd sem fyrst en eigi síðar en 1. september 2021 sem verði skipuð fulltrúum frá Kópavogsbæ og HK vegna uppbyggingar á nýjum keppnisvelli og stúku fyrir utan Kórinn,“ segir í bréfi HK. ■

Telur engar horfur á íslenskum Shell-dómum

thorgrimur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Aðalheiður Jóhannsdóttir, sérfræðingur í umhverfisrétti, segir engar horfur á að svipaðir dómar kunni að falla gegn fyrirtækjum á Íslandi og var nýlega felldur gegn oliurisanum Shell í Haag.

Fyrirtækið hyggst nú draga úr útblæstri koltvísýrings í kjölfar þess að dómstóll dæmdi það til að hefta útblásturinn um 45 prósent fyrir árið 2030.

„Þetta mál var rekið á grundvelli sérstakrar lagaheimildar í

hollenskum rétti sem ekki eru til í íslenskum rétti,“ segir Aðalheiður. „Þetta eru lög sem heimila einstaklingum og öðrum aðilum sem eiga ekki hagsmuna að gæta að mynda málsóknarfélag og leggja fram kröfur. Okkar regluverk er öðruvísi og ekki eru sambærilegar reglur um málsóknarfélög.“

Aðalheiður segir íslenska lagaumhverfið hafa breyst frá því að svonefndir Kárahnjúkadómar voru felldir árin 2002 og 2003.

„Á þessum tíma gildi svokölluð actio popularis-regla og í skjóli hennar gátu allir kært í stjórn-sýsl-



Umhverfissinnar fögnuðu eftir að dómurinn gegn Shell gekk.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

unni án þess að vera beinir hagsmunaaðilar. En þessum reglum var breytt árið 2005.“

Aðspurð hvort eftirspurn sé eftir upptöku sambærilegra lagaákvæða til að heimila myndun málsóknarfélaga af þessu tagi á Íslandi segir Aðalheiður að huga verði að því. „Fyrsta skrefið væri að skoða tvo dóma sem gengu 2017 og 2018 eftir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála var stofnuð. Það verður gert á málþingi í haust hjá Lögfræðingafélaginu þar sem við kollegi minn verðum með málstofu um þessi tvö mál.“ ■

Kostnaður við börn með fjölþættan vanda rúmlega tvöfaldast á einu ári

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Kostnaður sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna barna með fjölþættan vanda hefur meira en tvöfaldast á einu ári samkvæmt nýrri skýrslu barnavernda þeirra. Árið 2019 nam hann 638 milljónum en 669 milljónum fyrstu sex mánuði ársins 2020. Sveitarfélögin telja ríkið hafa komið sér undan þessum kostnaði með lokun heimila og að opna engin úrræði í staðinn.

Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, bendir á að Barnaverndarstofa hafi lokað heimilum á borð við Árbót og Berg árið 2010 þar sem voru hátt í 50 pláss. MST meðferð á heimilum hafi komið í staðinn en meira þurfi til.

Hafa sveitarfélögin þurft að reíða sig á einkareknar stofnanir á borð við Klettabæ og Vinakot, sem hafa reynst vel en þykja afar dýrar. Í skýrslunni er það harðlega gagnrýnt að starfsfólk ríkisstofnana hafi í auknum mæli beint fólki inn á þessar brautir, sem skýri að hluta kostnaðaraukninguna sem lendir á sveitarfélögunum.

Í sveitarfélögunum sex eru 33 börn skilgreind með fjölþættan vanda, vegna fötlunar, þroskaskerðingar, vanrækslu, tengslavanda, einhverfu, neyslu, beitingu ofbeldis eða fleiri þátta. Flest eru þau í Reykjavík, 17 talsins, og kostnaðurinn þar 319 milljónir árið 2019 og 423 fyrstu sex mánuði ársins 2020. Fimm börn eru í Hafnarfirði, fjögur í Kópavogi, þrjú í Garðabæ og Seltjarnarnesi og eitt í Mosfellsbæ. Í tveimur tilvikum hefur kostnaðurinn numið meira en 100 milljónum á ári.

„Ef fjölgun verður í þessum hópi barna þá standa sveitarfélögin frammi fyrir fjárhagslegum áskorunum sem alls er óvist að þau standi undir, sér í lagi í við þær aðstæður



Alls 33 börn eru skilgreind með fjölþættan vanda á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Það þarf að vinna á fjölbreyttari hátt með börn með flókinn vanda en heilbrigðiskerfið býður upp á í dag.



Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur



Sveitarfélögin telja ríkið hafa brugðist skyldum sínum gegn börnunum.

sem nú eru uppi,“ segir í skýrslunni. „Þegar ríkið skilgreinir sig frá þessu verkefni er það að bregðast skyldum sínum gagnvart þessum allra viðkvæmustu börnum, það er óviðunandi.“

Hákon segir að ríkið hafi í skýrslu árið 2013 viðurkennt að búsetan ætti að vera hjá sveitarfélögunum en í tilteknum tilvikum, sem eru þung og umfangsmikil, komi ríkið að. Þessu teymi hafi hins vegar ekki verið komið á laggirnar fyrr en árið 2019 og þörfin sé uppsöfnuð.

Þau úrræði sem sett voru fram í framkvæmdaáætlun um barnavernd árin 2019 til 2022 muni þó að einhverju leyti gagnast þessum hóp.

„Það þarf að vinna á fjölbreyttari hátt með börn með flókinn vanda en heilbrigðiskerfið býður upp á í dag,“ segir Hákon. Best væri að úrræðin væru í nærumhverfi barnsins, til dæmis með meiri áherslu á MST-CAN, sem er millistigsúrræði á heimilum barna sem búið hafa við ofbeldi og vanrækslu. ■

Sjóbirtingsseiði horfin úr Grenlæk og landeigendur daprir

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Þetta er dapurt fyrir þá sem unna þessari náttúru að horfa upp á þetta trekk í trekk,“ segir Erlendur Björnsson á Seglbúðum, formaður Veidifélags Grenlækjar.

Hafrannsóknastofnun sagði frá því á vefsíðu sinni í gær að ellefu kílómetrar af farvegi Grenlækjar væru uppþornaðir og að vatnalífið hafi orðið illa úti.

„Sérstaklega hefur sjóbirtingsstofninn orðið illa úti, þar sem nær öll seiði á svæðinu hafa drepist og þar með tveir til þrír seiðaárgangar.

Síðar mun koma í ljós hve alvarlegur skaði hefur orðið á fullorðnum sjóbirtingum, en líkur eru til að hluti stærri fiska hafi náð að forða sér neðar í lækinn þar sem vatn er enn til staðar,“ sagði Hafrannsóknastofnun í gær.

Erlendur segir þetta ekki í fyrsta skipti sem efri hluti Grenlækjar þornar upp á álíka hátt og nefnir sérstaklega árin 1998 og 2016. Landeigendur rekja þessa endurteknu vatnspurrð til stíflugerðar Vegagerðarinnar við Árkvíslar allt frá árinu 1950 sem beini vatni frá því að renna inn í hraunið ofan við Grenlæk og skila sér í farveg árinna.

Veidinni hafi hrakað mjög mikið í Grenlæk sem hafi áður verið fengsælasta sjóbirtingsveiðiá landsins. Miklir hagsmunir séu í húfi fyrir sveitina alla.

Dómsmál sem heimamenn höfðu endaði í Hæstarétti þar sem það tapaðist. „Ég er búinn að berjast í þessu í þrjátíu ár og fara með þetta eins langt í kerfinu og hægt er,“ segir Erlendur og kveðst hafa rætt málið við marga forsætisráðherra og umhverfisráðherra auk þess að senda alþingismönnum greinargerðir en að það hafi engu skilað. „Mér þætti gott að vita hvaða leið við eigum að fara í dag.“ ■



Farvegur Grenlækjar er þornaður upp á ellefu kílómetra kafla. MYND/HAFRANNSÓKNASTOFNUN



VILDARKORT LINDAR:

30% AFSLÁTTUR

HJÁ EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM:



DORMA



VÍDD



DÆMISÖGUR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM:

Jón og Gunna eru ungt par sem nýlega keypti sína fyrstu íbúð. Íbúðin þarfnæðist viðhalds og þau vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

Þar sem þau voru í viðskiptum við Lind fasteignasölu fékkst **30% afsláttur** af öllu því sem þau vanhagaði um.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
687.368 kr.

Jónína, kona á besta aldri, keypti sér nýja íbúð. Hana vantaði öll ljós, parket og gardínur. Gamli sófinn hennar var líka of stór þar sem hún var að minnka við sig.

Hún keypti það sem hana vantaði, viðar-parket, fallegar gardínur og myrkvunartjöld, borðstofuborð, stóla og sófa.

Þar sem hún var í viðskiptum við Lind fasteignasölu og nýtti sér **vildarkortið**, sparaði hún umtalsverða fjárhæð.

Með vildarkortinu sparaði hún sér:
458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu sér gamalt einbýlishús sem þarfnæðist yfirhalningar.

Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi ásamt því að sparsla og mála allt húsið. Þau settu granítborðplötur í eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu svo út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í versluninni Betra bak.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
1.442.500 kr.



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum.

Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum.

Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum.

Flügger: 30% afsláttur af allri innimálningu.

S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum.

Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum.

Z-brautir & gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum.

Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum.

Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.

ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölu.



Á Lind fasteignasölu starfa yfir **30 löggiltir fasteignasalar** með áratugareynslu. Breytt aldursbil þeirra **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt kynjahlutfall tryggir að allir ættu að geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.

LIND

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is



Bandarísk börn mæta síður í hefðbundna bólusetningu.

Áhyggjur af færri bólusetningum barna vestra

jon@frettabladid.is

BANDARÍKIN Söttvarnastofnun Bandaríkjanna segir að minni þátt-taka barna í hefðbundnum bólusetningum geti aukið hættuna á útbreiðslu sjúkdóma, svo sem mislinga og kíghósta sem hægt hefði verið að fyrirbyggja með bólusetningu. Ný skýrsla stofnunarinnar sýnir að hefðbundnum bólusetningum barna fækkaði mjög í Bandaríkjunum frá því faraldurinn hófst. The Washington Post greinir frá.

Haft er eftir sérfræðingi stofnunarinnar að skiljanlegt sé að margar fjölskyldur hafi frestað læknisheimsóknum á meðan faraldurinn geisaði en mikilvægt sé að börnin fái hefðbundnar bólusetningar nú þegar tilslakanir standa fyrir dyrum. ■

Dæmdur í Nuuk

jon@frettabladid.is

GRÆNLAND 43 ára karlmaður var í gær fundinn sekur um að hafa 21. júní á síðasta ári banað 40 ára kærustu sinni í Nuuk á Grænlandi. Þá var hann einnig fundinn sekur um tilraun til manndráps þegar hann lagði til 15 ára dóttur hinnar látnu en hún komst undan manninum við illan leik.

Á grundvelli geðrannsóknar var ekki talið að hægt væri að gera manninum refsingu og verður hann því vistaður á víðeigandi stofnun í Danmörku um óákveðinn tíma. ■



Mette Fredriksen, forsætisráðherra Danmerkur.

Vægi Grænlands og Færeyja aukið

jon@frettabladid.is

DANMÖRK Mette Fredriksen, forsætisráðherra Dana, skýrði frá því í gær, að afloknum fundi með fulltrúum Grænlands og Færeyja um hlutverk landanna í Norðurskautsráðinu, að tvö síðarnefndu löndin fengju stærra hlutverk á vettvangi Norðurskautsráðsins.

„Við áttum innihaldsríkt spjall um hver talar fyrst fyrir hönd konungsríkisins á vettvangi Norðurskautsráðsins,“ sagði forsætisráðherrann á blaðamannafundi. Niðurstaðan varð að fyrst tali fulltrúi Grænlands, svo Færeyja og rekur Danmörk lestina. Jafnframt var ákveðið að óska eftir því að Grænland undirriti yfirlýsingar ráðsins fyrir hönd danska konungsríkisins. ■

Tekist á við Damaskus-hliðið



Ísraelskir lögreglumenn handtóku Palestínumann við Damaskus-hliðið í gömlu borg Jerúsalem í gær. Efnt var til mótmælanna gegn hægrimanninum Itamar Ben Gevir þegar hann flutti þar ávarp. Fyrr í vikunni bannaði lögreglan skipulagða göngu fólks sem fyrirhuguð var um hliðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Engin skrá um fljúgandi furðuhluti

Reglulega berast tilkynningar hér á landi um torkennilega hluti á himni. Landhelgisgæslan segir að alltaf hafi tekist að skýra óþekkta hluti í loftrýminu. Öll atvik séu þó tilkynnt til NATO.

urduryrr@frettabladid.is

GEIMVÍSINDI Engin skrá er haldin utan um fljúgandi furðuhluti yfir Íslandi. Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að alltaf hafi tekist að skýra óþekkta hluti í loftrýminu og að ekkert hafi birst á ratsjá þeirra sem ekki hefur verið hægt að gera skil á.

„Öll atvik eru tilkynnt til stjórnstöðvar NATO sem tekur ákvarðanir um hvað og hvort eitthvað sé gert,“ segir Ásgeir.

Veðurstofunni berast reglulega tilkynningar um torkennilega hluti á himni. Ekki er haldið utan um fjölda tilkynninganna en í flestum tilfellum eru eðlilegar skýringar að baki, samkvæmt upplýsingum frá veðurvakt Veðurstofunnar.

„Oftast er um óvenjulegt ljósbrot í skýjum að ræða og stundum eitt-hvað annað sem útskýrist af geimveðri, loftsteinum eða ferð reikistjarna eða gervihnatta,“ segir Elín Björk Jónasdóttir, hópstjóri veðurbjónustu.

Lögreglunni berast einnig einhverjar tilkynningar þegar fólk telur sig hafa séð einkennilegan hlut eða ljós á himni en engin skrá er haldin yfir það. Ef ástæða þykir er einhver sendur á vettvang að skoða málið en engin dæmi eru um mál sem hefur þurft að taka til nánari rannsóknar. Þetta kemur fram í svari Runólfs Þórhallsssonar, yfirmanns greiningardeildar lögreglunnar.

Mikill áhugi hefur verið á fljúgandi furðuhlutum undanfarin ár í kjölfar þess að Pentagon, höfuðstöðvar varnarmálaráðuneytis



Fólk biður eftir geimverum við Snæfellsjökul þann 5. nóvember 1993 en þær höfðu boðað komu sína. Um 500 manns mættu og sérstök móttökunefnd var tilbúin til að bjóða gestina velkomna. Þeir komu þó ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/SV.P.



Skjaskot úr myndbandi frá sjóher Bandaríkjanna.

Bandaríkjanna, játaði tilvist verkefnis sem skrásetti og fylgdist með óþekktum fyrirbrigðum á himni. Verkefnið kallast Advanced Aerospace Threat Identification Program, eða greining á þróuðum ógnum í loftrými.

Þrjú myndbönd, sem tekin voru af flugmönnum sjóhers Bandaríkj-

anna, láku til almennings á árunum 2007 og 2017. Myndböndin vöktu mikla athygli en á þeim mátti sjá hluti á himnum sem höguðu sér torkennilega. Í tveimur myndbandanna mátti heyra í flugmönnum tala um hlutina og ljóst er að þeir vissu ekki hvað þeir væru.

Í apríl á þessu ári birti varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna þessi myndbönd opinberlega til að „koma í veg fyrir misskilning meðal almennings um hvort myndböndin í umferð væru raunveruleg og hvort fleiri slík myndbönd væru til,“ eins og segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Enn vakti það athygli á málefnum þegar Barack Obama, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, mætti í sjónvarpsþáttinn The Late Late Show with James Corden og svaraði spurningum um myndböndin.

„Það sem er satt, og mér er alvara, er að við eigum myndefni og skrár um hluti á himnum sem við vitum ekki nákvæmlega hvað eru,“ segir Obama. „Við getum ekki útskýrt hvernig þeir hreyfast, flugleiðina þeirra. Mynstrin þeirra eru ekki auðútskýranleg. Þannig ég tel fólk enn vera að taka þessu alvarlega, reyna að rannsaka og finna út hvað þetta er.“

Búið er við því að Pentagon gefi út opinbera skýrslu um niðurstöður verkefnisins þann 25. júní. New York Times hefur þó birt einhverjar upplýsingar úr skýrslunni nú þegar. Þar kemur fram að ekkert bendi til þess að um geimverur sé að ræða í umræddum myndböndum. Þó segir að ekki sé heldur hægt að útiloka það. Ekki hefur verið hægt að skýra hlutina eða óvenjulegar hreyfingar þeirra. ■

KONUNGURINN REXTON

FRUMSÝNDUR Á LAUGARDAG!

Rex þýðir konungur. Sá titill hæfir þessum jeppa fullkomlega, enda hefur eitt virtasta fagrit bílamarkaðarins, 4X4 Magazine, krýnt Rexton sem jeppa ársins, auk þess að sæma hann bestu kaupin, fjögur ár í röð. Nýr Rexton hefur allt til að bera, hann er búinn fjölda nýjunga og er fjórhjóladrifinn, 7 manna, lúxusjeppi – stolt eigenda sinna.

Við frumsýnum hans hátign laugardaginn 12. júní, milli kl. 12 og 16.

Komdu og fáðu léttar veitingar og konunglegar móttökur.

Sjálfskiptur Rexton Premium: **8.490.000 kr.**

Langtímaleiga: **189.600 kr. á mán.***



NÝR REXTON - ALVÖRU JEPPI

• KRAFTMEIRI • FLEIRI GÍRAR • LÆST AFTURDRIF • NÝ FJÖÐRUN

- Byggður á grind
- Læstur millikassi
- 5 ára ábyrgð
- Hátt og lágt drif
- 7 manna
- Sjálfstæð fjöðrun að framan og aftan



benni.is

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG



Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

1b bílar
Selfoss
Fosnes A
Sími: 480 8080

Bílaríkið
Akureyri
Lónsbakka
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

*Innifalið í langtímaleigu: Þjónustuskoðanir, dekk og dekkjaskipti, bifreiðagjöld og tryggingar. Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Framar vonum



Hörður
Ágísson
hordur
@frettabladid.is

Þegar fjármálaráðherra ákvað að hefja sölufrelsi á hlutum ríkisins í Íslandsbanka í ársbyrjun leyfðu fáir sér að vona að vel yfir 50 milljarðar myndu fást fyrir 35 prósent hlut. Örfáum mánuðum síðar er hins vegar ljóst að það mun verða niðurstaðan þegar útboð bankans – og í kjölfarið skráning á markað – klárast í næstu viku. Ólíkt því sem mátti skilja af málflutningi dragbitanna, sem töldu tíma-setninguna slæma og vildu fremur að ríkið yrði áfram útlagi í hinum vestræna heimi með tvo þriðju banka-kerfisins í fanginu, þá hafa markaðsaðstæður áfram þróast til hins betra og líklega sjaldan verið hagfelldari en nú til að losa um eignarhald ríkissjóðs.

Fyrir utan mikilvægi þess að fá gott verð fyrir bankann, sem allt útlit er fyrir, skiptir ekki síður að það komi að honum traustur – og dreifður – hópur innlendra og erlendra fjárfesta. Engin ástæða er til að ætla annað en að svo verði. Tveir erlendir verðbréfasjóðir, sem fjárfesta til lengri tíma lítið, annar þeirra einn af stærstu hluthöfum Marels, ásamt tveimur lífeyrissjóðum – LIVE og Gildi – hafa nú þegar skuldbundið sig til að kaupa um 10 prósent hlut. Aðkoma þeirra hefur stutt við trúverðugleika útboðsins, með því að ýta undir eftirspurn og hækka útboðsgengið, og víst er að aðrir fagfjárfestar munu fá miklu minna í sinn hlut en þeir sækjast eftir.

Viðbúid er að þátttaka almennings, sem horfir nú upp á sparnað sinn á innlánsreikningum rýrna að raunvirði, verði í methæðum. Þar kemur til ágætlega hagstæð verðlagning og sú staðreynd að lágmarksupphæðin sem almennir fjárfestar geta skráð sig fyrir – 50 þúsund krónur – hefur aldrei verið eins lág í útboðum fyrirtækja eftir bankahrunið. Mikil aðkoma almennings, sem hefur verið fráhverfur hlutabréfakaupum allt fram að útboði Ícelandair í fyrra, væri heilbrigðismerki og ætti að hjálpa við að auka traust í garð bankakerfisins og eins hlutabréfamarkaðarins – og ekki er vanþörf þar á.

Viðbúid var að hlutabréf Íslandsbanka yrðu seld á afslætti, hann verður líklega um 35 prósent, í samamburði við eina viðskiptabankann á markaði, Arion. Það getur tæpast talist óeðlilegt. Arion banki, sem var skráður á markað fyrir þremur árum, er rekinn með talsvert meiri arðsemi – yfir 12 prósent miðað við síðasta uppgjör – á meðan stjórnendur Íslandsbanka eiga enn nokkuð í land með að ná markmiði sínu um 10 prósent arðsemi innan tveggja ára. Þá getur það aldrei verið eina markmið ríkissjóðs að selja bréfin á hæsta mögulega verði heldur þarf einnig að lita til eftirleiksins – að það verði virkur eftirmarkaður með bréfin og gengið fari hækkandi þegar fram í sækir svo það skapist forsendur síðar til að losa um meira af hlut ríkisins í bankanum.

Flestir munu sjá að það var rétt og sjálfsögd ákvörðun að selja í Íslandsbanka í gegnum opið hlutafjárútboð. Allt regluverk í kringum fjármálakerfið hefur tekið stakkaskiptum og bankarnir sjaldan staðið traustari fótum – engin ástæða er þess vegna að láta stöðugt að því liggja að hætta sé á því að verði sé að endurtaka leikinn frá síðustu einkavæðingu bankanna. Svo er ekki. Þeir fjármunir sem fást við söluna minnka lánsfjárbörf ríkissjóðs, á tímum þegar margir hafa áhyggjur af því að hröð skuldasöfnun muni leiða til hærri skatta og minni hagvaxtar í framtíðinni, og eins ætti mikill áhugi almennings að virka sem enn meiri vítamínsprauta fyrir hlutabréfamarkaðinn. Fyrsta skrefið við að draga úr áhættu ríkisins á bankamarkaði fer vel af stað. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Láglendisþjóðgarðurinn

Röðin sturlaða í bóluefni Janssen í Laugardalnum í gær er mögulega sú lengsta sem myndast hefur á Íslandi. Slær hún út bæði röðina á tónleika Ed Sheeran fyrir tveimur árum og röðina þegar Dönkinn dónóts opnaði fyrir sex árum. Röðin í gær náði alla leið upp að áætluðum hálandisþjóðgarði, fram hjá núverandi láglendisþjóðgarði, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Ríki í ríki Ríkisins

ÁTVR er líklega rannsóknarefni framtíðarinnar um stofnun sem hefur það sem sitt aðalhlutverk að réttlæta eigin tilvist. Það er þó margt dularfullt við starfsemina sem virðist vera hálfgrert ríki í ríkinu. Forstjórinn hefur setið þögull í sömu stellingu á skrifstofunni með sölgleraugu síðustu árin. Leynt fór þegar Ríkið samdi við munntóbakstroðinn Lunda um snauðar skaðabætur vegna átta ára sölubanns sem kostaði Lundann líklega milljarða. Sagði Ríkið að þetta væri ekki allt sama tóbakið, sem reyndist svo vera. Sjálfsréttlætningin gengur vel. Nýjustu atlgör getu þó orðið Ríkinu um megn þar sem lagabreytingar getu komið nýju keppinautunum til bjargar. Þarf Ríkið þá að veðja á kapphlaup milli svífaseinna dómstóla og alþingismanna sem verða kjörnir í haust. ■

Vinnumiðlun fólks á eftirlaunum í Reykjavík



Kolbrún
Baldursdóttir
oddviti Flokks
fólksins í borgar-
stjórn Reykja-
víkur.

Á fundi borgarstjórnar 15. júní mun ég, fulltrúi Flokks fólksins, leggja til að borgarstjórn samþykki að setja á fót Vinnumiðlun eftirlaunafólks í Reykjavík. Um er að ræða hugmynd að senskri fyrirmynd, þar sem eftirlaunafólk getur skráð sig og tekið að sér afmörkuð verkefni tímabundið. Sambærileg hugmynd er nú til skoðunar á Húsavík og hefur verið fjallað um verkefnið í tímariti LEB (Landssamband eldri borgara). Hugmyndin er að nýta þekkingu og verkunnáttu eldri borgara og eftirlaunafólks og vinna í leiðinni gegn einmanaleika sem margir þeirra upplifa. Þótt fólk sé komið á ákveðinn aldur þýðir það ekki að það geti ekki gert gagn. Aðstæður þessa hóps eru afar ólíkar. Stór hópur eftirlaunafólks hefur verið á vinnumarkaði á öllum sínum fullorðinsárum og hefur haft mikla ánægju af vinnunni, enda er hún oft einnig áhugamál fólks. Allt samfélagið myndi stórgæða á að nýta þekkingu og kunnáttu eldra fólks eins lengi og fólk hefur vilja til að vinna.

Vinnumiðlun eftirlaunafólks myndi virka þannig að fólk sem vill vinna skráir sig og síðan geta einstaklingar og fyrirtæki leitað til vinnumiðlunarinnar ef þau vantar fólk í ákveðin verkefni. Sumir vilja ráða sig í starf hálfan daginn, aðrir geta hugað sér að starfa tvo daga í viku og svo framvegis. Nú er hægt að vinna sér inn 100 þúsund krónur á mánuði án þess að ellilífeyrir skerðist. Úrræðið myndi að sjálfsögðu virka betur ef dregið er úr skerðingum vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur getur ef hann vill ákveðið að fylgja ekki almannatryggingakerfinu og boðið eldra fólki upp á úrræði til að auka virkni og auka tekjur.

Eftirlaunafólk á að fá að vinna eins og það hefur áhuga og tök á, án skerðinga, og njóta afkasturs vinnu sinnar eins og aðrir. Fjölmörg störf koma til greina fyrir þennan hóp, enda er mikill mannaúður til staðar sem er með dýrmæta reynslu. Vonandi mun meirihlutinn í borgarstjórn taka þessari tillögu fulltrúa Flokks fólksins vel á fundi borgarstjórnar nk. þriðjudag. ■

Ný Ferðagjöf! Notaðu hana í sumar.

ÍSLAND
**KOMDU
MEÐ**

island.is/ferdagjof



Hugleiðingar í hálfleik

Í dag



Þórlundur Kjartansson.

Fyrir skemmstu fóru fram útskriftir úr framhaldsskólum landsins. Ágæt hefd er í ýmsum skólum að smala saman í útskrift afmælisstúdentum og víða er lögð sérstök áhersla á að fá 25 ára og 50 ára stúdentana til að fjölmenna og fulltrúa þeirra falið að ávarpa nýstúdentana.

Þegar maður stendur á tvítugu virðist sem flest sem skiptir máli í lífinu hljóti að gerast mjög fljótlega, líklega á allra næstu árum, eða jafnvel dögum. Alveg örugglega fyrir þrítugt, hvað þá fertugt. Og vissulega gerist gríðarlega margt. En þó er það líklega þannig hjá flestum, nema atvinnu-mönnum í íþróttum, að þeir verða ekki fullþroska í því sem þeir taka sér fyrir hendur fyrr en miklu seinna. Flestir eiga eftir 60% eða meira af raunverulegum starfsferli sínum þegar þeir halda upp á 25 ára stúdentsafmælið, það má því segja að þeir séu nokkurn veginn í hálfleik.



Þegar maður stendur á tvítugu virðist sem flest sem skiptir máli í lífinu hljóti að gerast mjög fljótlega, líklega á allra næstu árum, eða jafnvel dögum.

10 hugleiðingar

Ég hafði orð fyrir okkur 25 ára stúdentana í útskrift Menntaskólans í Reykjavík um daginn og nefndi þar nokkur atriði sem mér finnst hafa komið mér á óvart frá því ég var sjálfur í þeim sporum að hafa nýlega barist gegnum stúdents-prófin og taldi mig býsna þroskaðan og tilbúinn fyrir framtíðina. Hér eru þau, í engri sérstakri röð.

■ Breytingar

Fyrir 25 árum trúði ég að fólk væri nánast fullmótað um tvítugt. Síðan hef ég sjálfur breyst og séð marga aðra breytast mikið. Þetta hefur komið mér á óvart, en er ákaflega gleðilegt. Ef maður er ósáttur við hvernig hlutir eru að þróast í lífinu þá er hægt að breyta þeim. Þetta geta allir gert, þótt það sé ekki alltaf auðvelt.

■ Dugnaður

Ég hef komist að því að allir sem verða góðir í nokkrum hlut leggja ákaflega hart að sér. Á þessu eru engar undantekningar. Það er enginn nógu gáfaður, fallegur eða hæfileikaríkur til að ná neins konar árangri eða færni nema með því að leggja sig fram af ástríðu og alúð.

■ Einfaldleikinn

Ég hélt að flóknir hlutir væru erfiðir en einfaldir hlutir væru auðveldir – en mín reynsla er

að þetta sé þveröfugt. Flest af því sem reynist manni erfiðast í lífinu eru í raun sáraeinfaldir hlutir. Rúmin búa ekki um sig sjálf og diskarnir stökkva ekki að eigin frumkvæði í uppþvotta-vélina.

■ Hugrekki

Ég vissi ekki um tvítugt en veit það nú að kærleikur, auðmýkt og fyrirgefning krefst mikils hugrekks. Illindi, dramb og langrækni er uppgjöf.

■ Sköpun

Ég vissi ekki að það er oftast miklu erfiðara að skapa eitthvað alveg nýtt heldur en að læra á eitthvað sem þegar er til. Að búa til eitthvað frá grunni, hvort sem það er tónverk, ritverk, hönnun eða forrit krefst mikillar orku og þrautseigju. Þess vegna á maður að bera alveg sérstaka virðingu fyrir því sem er skapað frá grunni, hvort sem það höfðar beinlínis til manns eða ekki.

■ Náunginn

Ef maður hittir einhvern sem maður telur sig ekkert geta lært af, þá er maður ekki að taka nógu vel eftir.

■ Hátíðleiki

Ég hef komist að því að það er mikill munur á því að taka sig alvarlega eða taka sig hátíðlega. Allt sem maður gerir á maður að taka alvarlega. En það getur verið manni fjötur um fót að taka sig of hátíðlega.

■ Óöryggi

Ég veit það núna, sem ég vissi alls ekki um tvítugt, að fólk sem virðist hafa allt sitt fullkomlega á hreinu á líka stundir þar sem því liður eins og lífið sé óviðráðanlegt. Við erum öll mannleg, gerum mistök, efumst og verðum hrædd. Þetta gildir líka um fyrirmyndir, frægðarfólk, yfirmenn og vini. Á þessu eru engar undantekningar. Það er blekking að ætlast til þess að maður sjálfur eða aðrar mann-eskjur séu flekklausar eða gallalausar.

■ Tíminn

Tíminn er miklu afstæðari en ég gerði mér grein fyrir þegar ég var tvítugur. Ég hef komist að því að flest sem maður gerir í flýti endar með að teifa fyrir manni, en það sem maður vandar sig við flýtir fyrir manni. Það sem virðist óratími meðan á því stendur er örskot í minningunni.

■ Gleðin

Ég vissi það ekki þegar ég var tvítugur – en ég veit það fyrir víst núna – að mesta gleðin í vinnu og einkalífi hlýst af því að ná að gleyma sjálfum sér við að hugsa um hamingju og velferð annarra, eða sinna verkefnum sem hafa æðri tilgang en manns eigin hagsmuni og þarfir. Þegar maður horfir á það fólk í kringum sig sem virðist raunverulega hamingjusamt þá er nánast óbrigðult að það sé upptekið af því að auka hamingju annarra.

■ Meira síðar

Eins og fram hefur komið þá er tíminn mjög afstæður. Kannski mun eitthvað af því sem ég tel mig hafa komist að núna reynast snarvitlaust þegar ég skoða það síðar. Það kemur í ljós. Það er nefnilega bæði langt og stutt síðan ég var sjálfur tvítugur, og bæði langt og stutt þar til ég uppfæri þennan lista árin 2046 og 2071. Það verður fróðlegt að komast að því hvað lærist í seinni hálfleik og fram- lengingun. ■

Keppni um athygli fyrir kosningar



Stefán Jökulsson, fv. lektor við HÍ.

Upp á síðkastið hafa stjórnmálamenn, stjórnmálafræðingar og þekktir álitsgjafir verið inntir eftir því í fjölmiðlum hvaða mál-efni næstu kosningar muni snúast um – og kemur valið á viðmælendum ekki meira á óvart en lóu-söngur eða sauðburður. En í ljósi þess að kosningar snúast um kjósendur er hlutur þeirra í opinberri stjórnmálaumræðu í aðdraganda kosninga afskaplega rýr og því má spyrja: Er það verjandi, þegar stjórnarfar er byggt á fulltrúalýðræði, að sitjandi alþingismenn, almannatenglar sem starfa fyrir þá og fámennur hópur fjölmiðla-fólks og sérfræðinga ráði mestu um hvaða mál séu aðallega rædd þegar kosningar eru í nánd? Ég tel að þetta sé ámælisvert og lýðræðinu alls ekki til framdráttar og þess vegna þurfi að fara fram vönduð könnun, sem óháð rannsóknarstofnun tækist á hendur, sem gæfi til kynna hvaða mál kjósendur teldu helstu hagsmunamál sín, mál sem stjórnmálaflokkar kæmst tæplega hjá að taka afstöðu til í kosningabaráttunni, útskýra hvað þeir vilji gera, hvenær og hvernig. Áhugavert væri að vita hvaða hagsmunasamtök, flokkar

eða faghópar styddu slíka könnun og hverjir vildu fremur leiða okkur fyrir sjónir að þetta væri ósvinna sem samrýmdist ekki ríkjandi reglum og hugmyndum um lýðræði.

Fjölmiðlun í þágu lýðræðis

Þess eru dæmi í löndum sem eru mun fjölmennari en Ísland, og fjárráð fjölmiðla meiri, að vinna fréttamanna snúist ekki aðeins um fréttirnar (kannski að hálfu leyti) heldur hafi þeir verið ráðnir til starfa vegna sérfræðiþekkingar sinnar á ákveðnu sviði. Þeir halda þekkingu sinni við, veita starfsfélögum upplýsingar þegar eftir því er leitað og vinna svo fréttafæni þar sem kunnátta þeirra kemur að góðum notum. Spurningar slíkra fagfréttamanna eru oft beinskeyttar og viðmælendur, til dæmis pólitíkusar, geta ekki sagt við þá hvað sem er. Íslenskir fréttamenn eru starfi sínu vaxnir en búa yfirleitt ekki við slíkar starfsaðstæður. Þess vegna þurfa þeir að huga að því hvenær þeir þurfi að hafa sérfræðinga við hlið sér, til dæmis í umræðuþáttum í kosningabaráttu. Enn fremur getur það aukið fjölbreytni í stjórnmálaumræðu fyrir kosningar að hún sé ekki eingöngu á vegum fréttastofa heldur haldi dagskrárgerðarfólk utan um hluta hennar.

Kjósendur finna hagsmunamál sín á eigin skinni. Þess vegna skiptir miklu máli að raddir þeirra heyrast og þeir geti beint spurningum til frambjóðenda eða gert athuga-

semdir við málflutning þeirra. Eitt sinn snerist kosningabaráttan mun meira en nú um skoðanaskipti á fundum, þar sem saman komu kjósendur, frambjóðendur og fundarstjórar, og þar voru skoðanaskipti oft býsna lifleg. Nú eru fjölmiðlar orðnir einna mikilvægasti vettvangur kosningabaráttunnar en þar er formið orðið of uppstíllt, klippt og skorið. Má til dæmis nefna sjónvarpsþætti þar sem frambjóðendum er stíllt upp í röð fyrir framan fréttafólk, stundum ekki gert ráð fyrir samræðu, spurningar oftast fyrisjáanlegar, svörin við þeim kunnugleg og tíminn sífellt á laupum frá þátttakendum. Ærið tilefni er þó til að hafa ljósvakapætti það langa að þeir væru ekki á yfirborðinu frá upphafi til enda (kannski á sérstakri rás) og auðvelt væri að koma innleggi kjósenda á framfæri með ýmsum hætti. Útsendingar frá fundum með frambjóðendum og kjósendum víða um land yrðu einnig vatn á myllu lýðræðisins.

Hver er þín skoðun?

Oft hafa stjórnmálaskoðanir okkar seitleað inn í okkur án þess að við tækjum eftir því eða þældum mikið í þeim. Þess vegna skulum við taka því með fyrirvara sem fjölskylda, vinir, pólitíkusar, álitsgjafir og almannatenglar, fræðimenn og fjölmiðlungar segja um stjórnmálin. Við getum tekið okkar eigin pól í hæðina. Þá gildir að hafa ekki asklok fyrir himin; því fleiri sem sjónarhólarnir eru, þeim mun betur sést hvaða leiðir eru færar. ■



3. sæti

KRISTÍN THORODDSEN

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS
SUÐVESTURKJÖRDÆMI 10.-12. JÚNÍ

Spenntastur fyrir Foden og Grealish

Arnar Bergmann Gunnlaugsson, fyrrverandi landsliðsmaður í fótbolta, telur að Frakkland verði Evrópu-meistari á komandi Evrópumóti en vonar þó sjálfur að Englandi muni vegna vel og vinna mótið í fyrsta skipti í sögunni.

hjoarvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Evrópumótið í fótbolta karla hefst í dag með leik Ítalíu og Tyrklands en næsta mánuðinn um það bil verða fótboltafíklar fóðraðir með gæðafótbolta. Fréttablaðið fékk Arnar Bergmann Gunnlaugsson, þjálfara Vikings, til þess að spá í spilin fyrir komandi mót.

„Það þarf svo sem engan svakalegan sérfræðing til þess að sjá að Frakkarnir eru sigurstranglestir á þessu móti. Ég held að Frakkar gætu mætt með C-liðið sitt og farið langleiðina í úrslit. Þeir eru með färanlega mikla breidd og nú hefur Karim Benzema bæst við hópinn frá því að þeir urðu heimsmeistarar.

Ég er spenntur að sjá Benzema á þessu móti og myndi veðja á Frakkland sem sigurvegara á mótinu. Portúgal er líka með mjög sterkt lið, Spánverjar verða sterkir ef að kórónaveiran bitur þá ekki meira en hún hefur nú þegar gert og þá eru Ítalir með öflugt lið og klókan þjálfara.

Það má svo aldrei afskrifa Þjóðverja en þeir hafa hins vegar verið svolítið sveiflukenndir síðustu mánuðina fyrir þetta mót.

Danmörk er líka með spennandi lið sem spilar skemmtilegan fótbolta en ég held að þeir séu ekki nógu öflugir til þess að fara alla leið. Svo hef ég ekki jafn mikla trú á Belgum og margir aðrir.

Mér finnst of margir í því liði koma haltrandi inn í þetta mót og Kevin De Bruyne þarf að eiga stórkostlegt mót til þess að þeim gangi vel,“ segir Arnar um komandi veislu.

”

Ég er enn ekki viss hvort að Gareth Southgate sé nógu miskunnarlaus og klókur þjálfari til þess að geta farið með lið alla leið á stórmóti en vonandi afsannar hann það.

Arnar Gunnlaugsson.

Ekki viss um klókindi Southgate

„Ég er samt mest spenntur að sjá hvernig Englendingar munu standa sig þar sem ég, eins og margir aðrir Íslendingar, held með þeim á þessu móti. Ég hlakka ofboðslega til að sjá hvernig Phil Foden og Jack Grealish munu standa sig á þessu móti. Það eru að mínu mati tveir kándídatar í að verða stjarna mótsins.

Þeirra gengi stendur hins vegar og fellur með því að hve miklu leyti og krafti Harry Maguire og Jordan Henderson geta tekið þátt á mótinu. Þeir sem leysa þá af hólmi ef þeir eru meiddir eru ekki í heimsklassa að mínu mati og það þarf þannig leikmenn til þess að vinna stórmót alla jafna.

Svo þurfa Marcus Rashford og Raheem Sterling að spila betur en þeir hafa verið að gera síðustu vikurnar eigi þetta að fara vel. Þá er ég ekki enn alveg viss um að Gareth Southgate sé nógu miskunnarlaus og klókur þjálfari til þess að geta farið með lið alla leið á stórmót en vonandi afsannar hann það,“ segir hann um sína menn á mótinu.

Skemmtilegir Spánverjar

Aðspurður um hvaða leikaðferðir og taktísk afbrigði heilli hann sem



Það verður áhugavert að fylgjast með Jack Grealish í lykilhlutverki með enska landsliðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Benzema og Mbappe eru líklegir til að valda usla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

þjálfara mest af þeim liðum sem keppa á mótinu nefnir Arnar Spánverjana.

„Þeir er að spila 4-3-3 sem hljómar kannski ekki mjög spennandi en færslurnar inni á miðsvæðinu eru mjög vel drillaðar og skemmtilegar að fylgjast með. Þá verður fróðlegt að sjá hvaða nálgun Joachim Löw kemur með inn í sitt síðasta verkefni með þýska landsliðinu.

Löw hefur kallað aftur í reynda leikmenn og ég held að hann muni spila 3-4-3 þar sem nokkrir leikmenn úr Chelsea, sem spila með Þýskalandi, eru vel æfðir í því kerfi og það hentar leikmannahópnum vel.

Annars eru stórmót þannig að þjálfararnir taka ekki mikla sénsa taktískt séð og flest allt sem þeir gera er nokkuð hefðbundið og einblínt er á að gera eins fá mistök og nokkur möguleiki er á þar sem það þarf lítið út af að bregða til þess að falla úr leik,“ segir þjálfarinn. ■

Ronaldo heldur áfram að endurskrifa söguna

Evrópumótið í knattspyrnu fer fram í 15. sinn í sumar og í tilefni þess er mótið haldið í ellefu mismunandi löndum. Cristiano Ronaldo vantar eitt mark til að verða markahæsti leikmaður EM frá upphafi.

kristinnpall@frettabladid.is

Metið yfir flesta leiki í lokakeppni Evrópumótsins og flestar mínútur er þegar í eigu Cristianos Ronaldo en það eru fleiri met innan seilingar á mótinu sem hefst í dag. Í dag er hann jafn Michael Platini yfir flest mörk í lokakeppni Evrópumótsins með níu mörk og má búast við að hann bæti við þann markafjölda á næstu vikum og geri metið að sínu eigin. Hann er fyrir markahæsti leikmaðurinn í sögu undankeppninnar fyrir Evrópumótið með 31 mark og um leið markahæsti leikmaðurinn ef undankeppnin og lokakeppnin eru teknar saman.

Ronaldo var fljótur að láta til sín taka á fyrsta stórmóti sínu með Portúgal á Evrópumótinu í heimalandinu árið 2004 þar sem hann skoraði tvö mörk og var valinn í úrvalslið mótsins. Hann hefur skorað á öllum fjórum Evrópumótunum til þessa og eftir að hafa unnið gullskoðinn sem markahæsti leikmaður ítölsku deildarinnar á nýafstöðnu tímabili má gera ráð fyrir að hann verði á skotskönum

1

Portúgalar sem hafa titil að verja unnu aðeins einn leik í venjulegum leiktíma á leið sinni að gullverðlaununum í Frakklandi fyrir fimm árum síðan. Portúgalar gerðu þrjú jafntefli í riðlakeppninni og þrír af fjórum sigrum liðsins í útsláttarkeppninni unnust í framlengingu eða vítaspyrnukeppni. Eini sigur liðsins í venjulegum leiktíma var gegn Wales í undanúrslitaleiknum.

með Portúgal sem hefur titil að verja í sumar.


Takist Ronaldo að skora í sumar verður metið ekki lengur í eigu Platinis. Landi Platini, Antoine Griezmann, gæti einnig náð Platini á næstu vikum með þremur mörk-

3

Liðsfélagarnir Cristiano Ronaldo og Pepe gætu orðið fyrstu leikmennirnir til að vera valdir í úrvalslið mótsins fjórum sinnum. Ronaldo var ekki valinn árið 2008 en Pepe hefur verið í síðustu þremur úrvalsliðum og gæti orðið sá fyrsti sem er valinn fjórar keppnir í röð.

um eftir að hafa skorað sex mörk á síðasta Evrópumóti en ólíklegt er að met Platini yfir flest mörk á einu móti (9) verði nokkurn tímann bætt.

Um leið er Ronaldo með augastað á flestum leikjum í undankeppni



Ronaldo er líklegur til að bæta markamet Platini í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

og lokakeppni EM þar sem hann er tveimur leikjum frá leikjameti Gianluigi Buffon og kemur til með að setja nýtt met með því að vera fyrsti leikmaðurinn til að leika í fimm lokakeppnum EM. Ronaldo er fyrir einn af átta leikmönnum sem

hefur leikið í fjórum lokakeppnum EM og verður annar leikmaðurinn til að fara í fimm lokakeppnir á eftir Iker Casillas.

Fréttablaðið tók saman nokkrar tölfræðistaðreyndir í aðdraganda mótsins. ■

ALLT

FÖSTUDAGUR 11. júní 2021

KYNNINGARBLAÐ



Hópurinn leggur úr höfn á sunnudaginn. MYND/RAYMOND HOFFMANN

Seigla fyrir hafið

johannamaria@frettabladid.is

Seiglurnar er hópur sex seigra kvenna sem hyggjast sigla skútunni Esju kringum Ísland í sumar á rúmlega þremur vikum. Esja er 50 feta Bavaria-skúta og ber allt að 10 kvenna áhöfn.

Markmiðið er að beina athygli að hafinu og þeirri margþættu umhverfisvá sem að því stöðjar. Þá vilja þær hvetja alla til ábyrgrar umgengni við hafið og auðlindir þess. Jafnframt vilja þær gera konur sýnilegri í þessu umhverfi í leik og starfi.

Sigríður Ólafsdóttir er skipstjóri áhafnarinnar. Í áhöfn eru þær Anna Karen Jörgensdóttir, Bryndís Skúladóttir, Halla Ólafsdóttir og Tara Ósk Markúsdóttir. Helena W. Óladóttir er leiðangursstjóri ferðarinnar. Alls 29 gestahásetar stíga svo um borð í viðkomu- höfnum víða um land og takast á við áskoranir hafsins um borð í Esjunni í kringum landið.

Komdu og skoðuðu Esju

Nú styttest í brottför þessara kvenna, undirbúningur er á lokametrunum og hátíðarhelgi fram undan. Gestum og gangandi er boðið að koma við í skútunni Esju á laugardaginn, 12. júní, á milli kl. 13.00 og 15.00 og svo er stefnt að því að sigla úr höfn á sunnudaginn, 13. júní, kl. 15.00. ■



Matthildur er verkefnisstjóri hjá minningar- og styrktarsjóðnum Erninum, sem býður upp á helgardvöl og samveru fyrir börn á aldrinum 9–17 ára sem hafa misst foreldra eða aðra nána ástvini. Hún er gift Daða Guðjónssyni og þau eiga Ísak Bolla og Jónu Theresu. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON

Sorgin er hin hliðin á ástinni

Matthildur Bjarnadóttir, guðfræðingur, æskulýðsfulltrúi og sorgarráðgjafi, segir að hægt sé að ná miklum bata eftir sorg og missi. Að hennar sögn er sorg ekki sjúkdómur sem þarf að losa sig við, heldur þarf að vinna úr henni á heilbrigðan hátt til að gera hana léttari og mýkri. **2**





„Auðvitað er það samt þannig að barn sem missir foreldri sitt eða systkini losar sig aldrei við sorgina sem því fylgir. Markmiðið með okkar starfi er að hjálpa krökkunum að finna sín verkfæri til þess að geta borið sorgina sína á fallegan hátt, gera hana aðeins léttari og mýkri.“ segir Matthildur .

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sigríður Inga Sigurðardóttir sigriduringa@frettabladid.is

Matthildur Bjarnadóttir er verkefnisstjóri minningar- og styrktarsjóðsins Arnarins, sem býður upp á helgardvöl og samveru fyrir börn á aldrinum 9-17 ára sem hafa misst foreldra eða aðra nána ástvini.

„Saga Arnarins er sú að upphafskona verkefnisins, Heiðrún Jensdóttir, og Baldur Úlfarsson, eiginmaður hennar, misstu uppkominn son sinn árið 2014. Hann lét eftir sig 10 ára dóttur og Heiðrún og Baldur vildu gera allt sem þau gátu til þess að hjálpa henni í sorginni. Þau fundu fljótlega hina ýmsu hópa sem styðja foreldra í sorg en það var erfiðara að finna stuðning sem hentaði sonardótturinni. Eftir nokkra leit á netinu fann Heiðrún samtök í Bandaríkjunum sem héldu úti sumar-búðum fyrir börn í sorg. Hún fór þá til sr. Jónu Hrannar Bolladóttur, sóknarprests í Vídalínskirkju í Garðabæ, og saman ákváðu þær

77
Ætli flestir vilji ekki innst inni gera upp-reisn gegn foreldrum sínum og það var alltaf planið að gera eitt-hvað allt annað en þau.

að fara af stað með svipað starf hér á landi. Vorið 2018 var farið með fyrsta hópinn upp í Vindáshlið í Kjós yfir heila helgi, ásamt góðum hópi sjálfbóðaliða. Starf Arnarins er rekið að mestu fyrir styrki og sjálfböðna vinnu en við eigum stóran hóp af fólki með ólíka menntun og reynslu, þar á meðal sálfræðinga, presta, námsráðgjafa, myndmenntakennara og fleiri sem kjósa að leggja Erninum lið,“ segir Matthildur.

Hún er með embættispróf í guðfræði, meistaraáráðu í trúarbragðafræði frá Kaupmannahafnarháskóla og diplómanám á meistarastigi í sálgæslu. „Ég finn að námið mitt nýtist mér afskaplega vel í þessu starfi. Þar fyrir utan hef ég alla tíð unnið mikið með börnum og unglingum og nýt þess mjög. Ég fæ endalaus tækifæri til að leika mér í vinnunni og hálfvorkenni öðru fólki sem fer ekki reglulega út í eina krónu eða löggur og bófar. Það eru forréttindi að fá að starfa við eitthvað sem maður brennur fyrir svo ég er afskaplega þakklát að mér hafi verið treyst fyrir þessu dýrmæta verkefni,“ segir Matthildur.

Örnin tekur flugið Yfirleitt eru um 40 börn hjá Erninum í samverustund og upp undir fimmtíu koma með í ferðalögin.

„Við vitum samt að það er miklu stærri hópur sem verður fyrir ástvinamissi og þyrfti að vita af okkur. Núna stendur Örninn einmitt á tímamótum. Hingað til höfum við verið að móta starfið og farið fremur hægt af stað en við sjáum núna að það er eftirspurn eftir okkar þjónustu og ef að við ætlum að láta Örninn taka flugið þurfum við að spýta í lófana. Kórónuveirufaraldurinn setti auðvitað strik í reikninginn hjá okkur, eins og í öðru hópastarfi, en næsta vetur höfum við ákveðið að gera átak í því að kynna okkur og vera í betra samstarfi við aðrar stofnanir og hreyfingar, eins og kirkjur, sorgarmiðstöðina og heilsugæslur,“ segir Matthildur og minnir á

vefsíðu Arnarins, arnarvaengir.is.

Hvenær er ráðlegt að hefja sorgarvinnu eftir missi? „Krakkarnir mega koma til okkar um leið og þau langar en við mælum með að láta allavega einn til tvo mánuði liða frá missi. Fyrst eftir missi finna syrgjendur oft fyrir miklum dæða sem getur varað jafnvel í nokkrar vikur og á þeim tíma gerir það lítið gagn að byrja að vinna í sorginni sinni. Þá skiptir máli að hvíla sig og vera mest með sínum ástvinum. En síðan er fólk svo mismunandi og við snúum engum við sem kemur. Stundum finnst krökkum gott að koma sem fyrst og finna að þau eru ekki ein í þeirri lífsreynslu að missa foreldri eða systkini. Sú tilfinning að finna fyrir samstöðu getur verið næg úrvinnsla til að byrja með,“ segir Matthildur.

Hún segir að það sé hægt að ná gríðarlegum bata eftir áföll og vinna þannig úr þeim að þau hamli manni ekki í lífinu. „Auðvitað er það samt þannig að barn sem missir foreldri sitt eða systkini losar sig aldrei við sorgina sem því fylgir. Það er heldur ekkert markmiðið. Sorgin er hin hliðin á ástinni sem börnin bera til þess sem þau misstu og markmiðið með okkar starfi er að hjálpa krökkunum að finna sín verkfæri til þess að geta borið sorgina sína á fallegan hátt, gera hana aðeins léttari og mýkri. Sorg er ekki sjúkdómur sem þarf að losa sig við en ef það er ekkert unnið úr henni getur hún brotist út á hátt sem hefur skemmandi áhrif á lífið. Þannig sé ég starf Arnarins sem forvarnarstarf gegn óheilbrigðri sorgarúrvinnslu.“

Rætt um lífið og dauðann Örninn er sjálfstætt félag innan Vídalínskirkju, en kirkjan hefur haldið utan um verkefnið með stjórninni með því að skapa umgjörðina með afnotum af húsnæði og greiða fyrir verkefnastjórnina. Það hefur verið ómetanlegt til þess að starfið hafi getað fest sig í sessi og þróast, þess vegna

er Vídalínskirkja dýrmætasti bakhjarlinn, að sögn Matthildar. „Starfið sjálft snýst þó ekki um nein ákveðin trúarbrögð. Innan hópsins rúmast allar mögulegar lífsskoðanir og vegna þess að þar er mikið rætt um lífið og dauðann eru hugmyndir um hvað taki við oft ofarlega á baugi. Það sem rak Heiðrúnu og Jónu Hrönn hins vegar af stað er þeirra kristna afstaða að við eigum að elska náungann og mæta öllum þeim sem þurfa á stuðningi að halda. Þær fundu fyrir köllun til þess að búa til vettvang fyrir börn í sorg til þess að vinna úr sínum missi á heilbrigðan hátt. Þar fyrir utan nýtum við okkur hin ýmsu sál-gæslufræði og styðjumst mikið við kenningar J. William Worden sem er mikill reynslubolti í sorgarúrvinnslu. Hann setti fram kenningu sem innihélt ákveðin verkefni sem syrgjendur þyrftu að vinna sig í gegnum og við höfum þessi verkefni til hliðsjónar í öllu okkar starfi,“ segir Matthildur.

Fetaði í fótspor foreldranna Þegar talið berst að því hvers vegna Matthildur hafi ákveðið að leggja guðfræði fyrir sig kemur í ljós að margir prestar eru í hennar fjölskyldu. „Ég ákvað á síðasta ári í menntaskóla að ég þyrfti að horfast í augu við þá staðreynd að mig langaði í guðfræði. Mér fannst það ekki mjög töff og sérstaklega ekki vegna þess að foreldrar mínir, Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson, eru prestar. Þar fyrir utan var afi og tvö systkini mömmu prestar svo það var sannarlega enginn prestaskortur í fjölskyldunni.

Ætli flestir vilji ekki innst inni gera uppreisn gegn foreldrum sínum og það var alltaf planið að gera eitthvað allt annað en þau. Síðan togaði guðfræðin svo mikið í mig að ég hugsaði að ég gæti nú ekki látið einhverja svona þrjósku stýra mér. Ég er samt mjög ólík þeim og geri hlutina allt öðruvísi, bara svo því sé haldið til haga,“ segir Matthildur glettnislega að lokum. ■

Átakanleg og áhrifamikil!

BARNIÐ Í GARÐINUM

Sævar Þór Jónsson
Lárus Sigurður Lárusson

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Icebreaker

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.



Everyday leggings ♂♀
11.990 kr.



Oasis ♀
Hálfrennd
15.990 kr.



Oasis ♂♀
Síðerma
14.990 kr.



Sphere ♂
Síðerma
13.990 kr.



Barna bolur 🐾
7.490 kr.



Barna leggings 🐾
7.490 kr.



Léttir hanskar
4.890 kr.



Quantum ♀
Heilrennd
27.990 kr.



Quantum ♂
Heilrennd
27.990 kr.



Sokkar
Hike+ Light
3.990 kr.



Oasis ♂♀
Hálsíðar leggings
13.590 kr.



Anatomica ♂
Nærbuxur
6.590 kr.



Siren Tank ♀
Hlýrabolur
8.390 kr.



Tech ♂
Hálfrennd
19.990 kr.



Tech Lite ♀
Stutterma
11.990kr



Tech Lite ♂
Stutterma
12.990 kr.



Elemental ♂
Heilrennd
31.990 kr.



Sprite Racerback ♀
Toppur
8.490 kr.



Zone ♀
Síðerma
19.990 kr.

Stingum af ...

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Himnesk afmælisveisla sveipuð bláu og hvítu



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn@
frettabladid.is

Berglind Hreiðars, köku- og matarbloggari, sem heldur úti síðunni Gotteri og gersemar, er annáluð fyrir glæsilegar afmælisveislur og hefur nú smitað dóttur sína af veislugleðinni og metnaðinum.

Dóttir Berglindar, Elin Heiða, átti 12 ára afmæli í vor og hélt upp á það með langþráðri afmælisveislu sem var algjörlega eftir hennar höfði. Elin Heiða fór leikandi létt með að hrista fram úr erminni himneska bláa og hvíta afmælisveislu, eins og myndirnar bera með sér. Kókuskreytingar og umgjörð veislunnar endurspeglar listræna hæfileika dótturinnar. Mamman fékk ekkert að gera í eldhúsinu að þessu sinni.

Sá um allan baksturinn sjálf
„Elin Heiða er afar sjálfstæð, ung dama og sannarlega með skoðanir á hlutunum. Eg hef hingað til fengið ítarlegar séróskir varðandi afmælisveislur og hvernig allt skuli vera og hvað skal baka. Hún er orðin ótrúlega dugleg að baka og dúllast í eldhúsinu og í þetta skiptið vildi hún fá að gera allt sjálf og ég var stranglega bönnuð í eldhúsinu, fékk bara að sjá um að versla inn fyrir hana og síðan að aðstoða hana við að leggja á borðið,“ segir Berglind.

Elskar vanilluköku
Hún sá um að útbúa allar kökur sjálf og skipuleggja leiki. „Hún elskar Tacos svo ég fékk reyndar að sjá um að elda risaskammt af slíku fyrir þær vinkonurnar með öllu tilheyrandi þar sem henni þótti það ekki eins spennandi og baksturinn,“ segir Berglind og hlær. Elin Heiða elskar vanilluköku og Betty Crocker-vanillukrem svo afmælskakan var föndruð úr slíku í bland við súkkulaðiköku eftir hennar höfði, sett á þrjár hæðir og skreytt með mini Oreo og bláu Skittles. Hún gerði til viðbótar við afmælskökuna hvítar Rice Krispies-kökur, Cheerioskökur og dýfði sykurpúðum í litað súkkulaði. „Síðan elskar hún Oreo með hvítu súkkulaði svo það ásamt venjulegu Oreo og alls konar blátt, hvítt og dökkt nammi fór í skálar og krúsir um allt borðið.“

Litapemað í bláu og hvítu
Litir afmælisveislunnar voru blár og hvítur og komu mjög vel út. „Litapemað byrjaði þannig að ég keypti allt þetta afmælisdót fyrir tveimur árum í Target í Bandaríkjunum og ætlaði að nota það fyrir afmæli systur hennar sem síðan vildi velja annað á þeim tíma. Dótið hefur því bara verið inni í skáp og við ákváðum að nýta það. Hún ákvað síðan veitingar, nammi og annað út frá þessum litum.“



Elin Heiða hafði mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig hún vildi að afmælisveislan yrði. Gestirnir voru sannarlega ánægðir. MYNDIR/ADSENDAR



Veisluborðið er glæsilegt og pemað haldið út alla leið.

unum og ætlaði að nota það fyrir afmæli systur hennar sem síðan vildi velja annað á þeim tíma. Dótið hefur því bara verið inni í skáp og við ákváðum að nýta það. Hún ákvað síðan veitingar, nammi og annað út frá þessum litum.“

Lukkunúmerið afmælis-skiltið
Elin Heiða æfir körfubolta með Aftureldingu og er númer 19 á treyjunni sinni. Þær mæðgur fengu Hlutprent til að sérhanna afmælis-skilti fyrir hana í stíl við pemað og auðvitað með Jordan og tölunni 19. „Elin Heiða hafði smíðað lukkuhjóli í skólanum og ákvað að nota það í veislunni og límdi með málningar-teipi texta á hvern flöt sem sagði til um hvað væri í verðlaun. Það var allt frá sleikjó eða candyfloss að penna eða „Diamond painting“ spjaldi sem er afar vinsælt þessa dagana.

Það var einnig töludans og „pöbkkviss“ þar sem ég var búin að útbúa nokkrar spurningar og þær voru tvær og tvær saman í liði.“ Það fengu síðan allir litinn „Gúddi-bag“ með sér heim með smá nammi og dúllerii. Afmælisbarnið var í skjýnunum með útkomuna og reynslunni rikari fyrir næstu veislu. Hægt er að finna allar uppskriftirnar á síðunni www.gotteri.is, eins og uppskriftirnar af Cheerioskökum, hvítu Rice Krispies og vanillukökunni svo dæmi séu tekin. ■



Kökurnar fengu líka á sig smá bláan lit. Þannig náði pemað um allt.



Allir fengu óvæntan glaðning með sér heim í fallegum umbúðum.



Fyrir 12 ára stelpur er veisla að fá nammikrítar og Rice Crispies-bollakökur á afmælisborðið.



Falleg krukka með sælgæti.



Glösín eru nýstárleg. Berglind notar háar krukur og papparör.

Náttúrulegt & öflugt fyrir góða meltingu



Viltu losna við bjúg & uppþembu?




Róandi meltingarblanda sem inniheldur hreint engifer & íslensk fjallagrös.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS
engifer
Meltingarblanda engiferrott & fjallagrös
60 HYLKI | FREDUBÓTAREFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörðverslun og flestum stórvörumörkuðum.


ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

LESTUR ER BESTUR Í ALLT SUMAR



Þú finnur bók fyrir barnið á
forlagid.is og á Fiskislóð 39

Óþrjótandi úrval!



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Ópið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16

Greindist með ólæknandi ferðaprá

Fararstjórinn Ágústa Sigrún Ágústsdóttir er kona með marga hatta. Hún greindist nýlega með heilkennið VVV, sem útleggst Varanlegt vegabréf í vasanum.

thordisg@frettabladid.is

„Mín fyrsta minning um utanlandsferð var þegar ég flutti með foreldrum mínum til Noregs á fimmta árinu. Tvennt stendur þar upp úr. Þegar við fórum í ferðalag á bílnum og ég sofnaði í aftursætinu en vaknaði þegar aksturinn færðist yfir á malarveg og spurði: „Er ég núna komin til Íslands?“ Líka þegar við fluttum aftur heim og komum við í Tívoliinu í Kaupmannahöfn þar sem ég fékk fjólubláa gasblöðru. Um leið og ég stillti mér upp fyrir myndatöku missti ég blöðruna og grét auðvitað heil ósköp. Þá sagði mamma: „Þetta er allt í lagi, Sigrún mín. Blaðran verður komin heim til Íslands á undan okkur.““

Þetta segir Ágústa Sigrún Ágústsdóttir, kona sem hefur fest sér marga hatta í lífinu. Fyrst varð hún söngkona og söngkennari, síðan fararstjóri, þá mannauðsráðgjafi og markþjálfari, líka rútubílstjóri og sáttamiðlari.

„Ég var nitján ára þegar ég stakk af úr landi til að passa börn í Þýskalandi og læra þýsku. Þegar ég fór síðar í söngnám þurfti ég að læra að syngja ítalskar óperur og þá vaknaði löngun til að læra ítölsku. Orðin altalandi á ítölsku fannst mér ég þurfa að nota tungumálið meira og hef síðan unnið með hléum sem fararstjóri á Ítalíu, en líka í Króatíu og Slóveníu,“ greinir Ágústa frá.

Hún segir örlögin stundum hafa gripið í taumana, eins og þegar hún lenti í hjóltreidaslysi þegar hún stundaði ítölskunám á Ítalíu 1997.

„Ég slasaðist sem betur fer ekki illa en flaug yfir húdd á bíl og fékk stórt gat á hausinn, sem varð til þess að ég var flutt með sjúkrabil á nærliggjandi sjúkrahús. Svo heppilega vildi til að ég var með vegabréfið á mér en algjörlega sjónlaus þar sem ég lá á skoðunarbekk því gleraugun höfðu farið í mask í slysinu og ég með mínus sjó í sjón. Þá kemur til mín pínulítill, óljós og hvít vera og spyr: „Ertu íslensk?“ Ég svara já og þá segir veran: „Ég heiti Roberta Bianconi, er skurðlæknir og var skiptinemi á Íslandi fyrir fimmtán árum.“ Ég fór þá að hlæja og hún líka. Svo fór ég að gráta og hún líka. Síðan féllumst við í faðma og höfum verið perluvin-konur allar götur síðan. Þá reyndist Roberta vera jafnaldra mín og áður



Ágústa Sigrún Ágústsdóttir vill geta notað alla þá fjölmörgu hatta sem hún hefur öðlast í lífinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

skiptinemi í Keflavík, og því lík tilviljun að lenda á skurðarborðinu hjá henni, en við eigum líka syni á sama aldri,“ segir Ágústa um þennan örlagaríka dag.

Fór í tíu spennandi sýndarferðir
Ágústa greindist nýlega með ólæknandi ferðaprá.

„Já, ég rakst á grein um rannsókn á fólki með visst flækingsgen og tengdi hana strax við mig. Heilkennið kallast „Permanent Passport in the Pocket Syndrome“ eða PPP, sem ég snaraði yfir á íslensku sem Varanlegt vegabréf í vasanum, eða VVV. Mér fannst hún svo fyndin að ég datt nánast um koll af hlátri, en þá rann upp fyrir mér að mér væri ekki viðbjargandi og þyrfti að setta mig við þetta heilkenni. Þegar ég starfaði sem mannauðsstjóri hjá tveimur íslenskum flugfélögum á árum áður var ég mikið á ferð og flugi en ekki fyrr komin heim en ég varð friðlaus að ferðast meira,“ segir Ágústa, sem er með eindæmum viðförlun en á enn eftir að ferðast um Asíu, Ástralíu og megnið af Suður-Ameríku.

Á kórónavetrinum sem leið sá Ágústa um tíu sýndarferðalög fyrir Heimsferðir.

„Þá laust niður þeirri eldingu í huga mér að næra ferðaprá fólks sem komst hvorki lönd né strönd vegna Covid-19 með sýndarferðum. Þær slógu í gegn og fólk fékk mikið út úr þeim, því sýndarferðir geta hjálpað við að fá hug-

myndir um hvað á að gera og nýta tímann vel. Sýndarferðirnar eru nú komnar í pásu á meðan fólk stígur aftur út úr Zoom og inn í raunveruleikann, en virði þeirra var mikið fyrir þá sem hyggja á ferðalög, að fara um þær slóðir í sýndargönguferðum þar sem ég lýsti því sem fyrir augu bar og gaf alls konar ítarefni, linka og meðmæli með veitingastöðum og fleiru til upplifunar á hverjum stað,“ segir Ágústa, sem fór í sýndarferðalög til Veróna, Rómar, Toskana, Gardavatnsins, Lissabon, Krítar, Valencia, Andalúsíu og Feneyja, og svo voru kynntar spennandi sérferðir til Ítalíu sem hún verður með í haust.

„Það var viðeigandi að koma til Feneyja á tímum kórónaveirunnar því sóttkví er einmitt uppfinning Feneyinga frá því um 1600. Þá voru Feneyjar mikið siglingaveldi og þangað kom til Evrópu mikið af drepsóttum og öværu með skipum frá Austurlöndum nær og fjær. Því var öllum kaupskipum skipað að festa landfestar við eyjur í Feneyjalóninu í fjörutíu daga og þaðan er nafnið sóttkví (e. quarantine) komið því það vísar í ítalska orðið „quaranta“ sem þýðir einmitt fjörutíu, eins og sóttkví í Feneyjum kvað á um í þá daga.“

Tengir Ísland við áfangastaðina
Ágústa segir fararstjóra stundum velta fyrir sér hvort þeirra verði þörf í framtíðinni.

„Nú vilja margir skipuleggja

ferðalög sín sjálfir og fara á eigin vegum, en þegar upp er staðið er þakklátasta ferðafólkið það sem sagðist hafa lofað sér að fara aldrei í pakkaferð með fararstjóra en lætur svo verða af því. Fylgd, þekking og kunnáttu fararstjórans er nefnilega ómetanleg, en afar vanmetin. Sjálf legg ég áherslu á að tengja Ísland við áfangastaðina, eins og í Ljubljana, höfuðborg Slóveníu, þar sem Jónas Hallgrímsson átti tvíbura-bróður sem var þjóðskáld Slóveníu. Hann var uppi á sama tíma og Jónas og lifði sams konar lífi, og það er meira að segja búíð að skrifa meistararitgerð um samburðinn á þeim tveimur. Það er óvíst hvort þarlandum leiðsögumanni dytti í hug að grafa upp slíkan fróðleik fyrir Íslendinga, en það er einmitt akkurinn við að ferðast í fylgd fararstjóra sem hafa lifað og hræst í umhverfinu, hvort sem hann er innfæddur eða íslenskur. Það eykur virði ferðarinnar og tengsl við það sem fyrir augu ber.“

Kórsöngur á Hornströndum
Ágústa stjórnar fyrstu æfingu Hornstrandakórsins í dag, en í næstu viku fer hún með hópi kvenna á Hornstrandir.

„Ég tók að mér að vera kórstjóri fyrir kvennakór sem syngur ljóðið Vökuró eftir Jakobínu Sigurðardóttur, við lag Jörunnar Viðar, í heimildamynd sem Bjarney Lúð-

víksdóttir kvikmyndagerðarkona ætlar að taka í þessari ferð. Bjarney er ættuð úr Hlöðuvík þaðan sem við ætlum að ganga yfir á Hornvík, Hesteyri og Hælavíkurbjarg. Heimildamyndin verður um Eyju, ömmu Bjarneyjar og frænku skáldkvennanna Jakobínu og Friðu Á. Sigurðardóttur, sem ólust upp á Hornströndum, og um lífið á þessum afskekktu stað sem hlýtur að hafa verið ótrúlegt.“

Í haust fer Ágústa sem fararstjóri með Heimsferðum til Toskana og Gardavatnsins en fyrst ætlar hún sjálf til Feneyja.

„Ég hef komið hundrað sinnum til Feneyja en langar að njóta þess að fara þangað á meðan enn eru tiltölulega fáir ferðamenn. Feneyjar eru eins og fljótandi listaverk og enginn viðlíka staður á jarðríki.“

Ágústa útskrifaðist sem sáttamiðlari fyrir tveimur árum og segir það passa vel í hattasafnið.

„Ég get bætt sáttamiðlun við allt sem ég geri í ráðgjöf, mannaúðsmálum og markþjálfun. Það er gott að geta miðlað málum þegar einhver er ósáttur og vita þá hvað virkar og virkar ekki, og hafa tiltæk tólin sem á þarf að halda. Ég held að sáttamiðlun eigi eftir að verða mun meira áberandi í framtíðinni og minnka álag á dómskerfið, og í Bandaríkjunum er því spáð að sáttamiðlun verði beitt í mun meira mæli í hvers kyns ágreiningsmálum.“

Spurð um upphaldshattinn, svarar Ágústa:

„Þegar ég fór til náms í mannauðsstjórnun var ég staðráðin í að vinna við það eitt í framtíðinni. Ég tók svo markþjálfun samhliða meistaranáminu og komst að því að ég vildi frekar finna leið til að leyfa öllum mínum höttum að hafa hlutverk í lífi mínu. Því ákvað ég að vinna sjálfstætt frekar en að ráða mig sem framkvæmdastjóra mannauðssviðs hjá stóru fyrirtæki. Við meyjur erum með fullkonnunarárættu og ég var orðin leið á því að vera alltaf með samviskubít yfir því að biðja um frí á vinnustað til að setja upp alla hina hattana. Nú er ég minn eigin herra og þarf ekki lengur að þjást yfir samviskubíti gagnvart öðrum. Ég bjó mér til aðstæður til að þurfa ekki að fórna því sem ég elska líka að sinna. Ég verð að leyfa því öllu að vera með mér og gera hlutina eins og ég vil.“

Fylgist með Ágústu á agusta-sigrun.is. Þar er hægt að lesa skemmtileg ferðablogg, hlusta á hana syngja og margt fleira áhugavert og skemmtilegt. ■

NÆRING, HEILSA OG LÍFSSTÍLL

Föstudaginn 18. júní mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið Næring, heilsa og lífsstíll.

Blaðið mun ná afar vel til þeirra sem ætla að halda sínu striki í sumar með hreyfingu, útvist og hollu og næringarríku mataræði.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.

Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@
accountant.is |www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir,
Þakmálning, Málning o.m.fl.
runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**
Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301
www.tantratemple.is

**FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING**
á Hringbraut

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opíð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105**

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

**Kassagítarar
á tilboði**

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Atvinna

Atvinna í boði

RUNARMURARI.IS
Rúnar múrari óskar eftir tveimur
unglingum á grunnskólaaldri, helst
félögum, til að halda vinnusvæði
hreinu. Einnig málningarvinna og
smá handlang. Vinna á jarðhæð.
Uppl. í s. 780 2838, Rúnar

Ábendingahnappinn má
finna á **www.barnaheill.is**

TRÉFNAÐIÐ
TIL
SÁFT

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og leyfðu okkur að hjálpa þér og þínu fyrirtæki að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
18-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

49%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
35-65 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

68%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
55-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

Illustration of a city skyline with a church, a modern building, and a ship in the water. The text "FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA" is visible in the bottom right corner.

*Samkvæmt prentmælingum Gallup



Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Tilfærsla eldisstarfsemi og eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **12. júlí 2021**.



Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin:

Endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **12. júlí 2021**.

Deiliskipulagsbreyting

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Krýsuvíkurborgs

Hafnarfjarðarbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Krýsuvíkurborgs samkvæmt l. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér færslu á framkvæmdasvæði fyrir útsýnispall til vesturs. Bílastæði snúið um nokkrar gráður og breyting á gönguleið.

Breytingartillagan verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 11. júní – 23. júlí 2021.

Einnig er hægt að skoða gögnin á hfj.is/skipulag

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna eigi síðar en **23.7.2021** á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



hafnarfjordur.is

ERT ÞÚ KLÁR Í POTTASUMARIÐ?



NORMX.IS
Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími:565-8899
normx@normx.is

» **Ráðningarþjónusta**

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» **Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:**

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



Jeremy Doku 18 ára Belgía

Doku gæti fengið tækifæri í fyrsta leik Belga á mótinu í fjarveru Eden Hazard og Kevin de Bruyne. Hann reyndist Íslendingum erfiður í fyrsta byrjunarliðsleik sínum fyrir Belga í Þjóðadeild UEFA enda afar kvikur og leikinn kantmaður. Hann gæti þurft að taka sér sæti á bekknum þegar liða tekur á mótið en verður ógnandi vopn af bekknum.



Jamal Musiala 18 ára Þýskaland

Musiala gat valið um að leika fyrir þrjú landslið, Nígeríu, England og Þýskaland, og háðu Englendingar og Þjóðverjar harða baráttu um sóknartengiliðinn, sem fæddist í Þýskalandi en ólst upp á Englandi. Hann varð yngsti leikmaðurinn í sögu Bayern München og lék 37 leiki með þýska stórveldinu á nýafstöðnu tímabili. Ef Timo Werner veldur vonbrigðum annað stórmótið í röð gæti Musiala fengið stærra hlutverk í þýska liðinu.



Joao Felix 21 árs Portúgal

Fjórði dýrasti leikmaður sögunnar þarf líklegast að sætta sig við hlutverk varamanns í upphafi móts enda hefur Portúgal á að skipa einni bestu framlinu mótsins. Felix náði ekki að fylgja eftir góðri byrjun á tímabilinu með Atletico Madrid en með auknu frelsi í framlinuhlutverkinu og betri þjónustu gæti Felix átt eftirminnilegt mót fyrir Portúgal.



Adam Hlozek 18 ára Tékkland

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Hlozek átt góðu gengi að fagna í efstu deild tékkneska boltans og vonast tékkneska þjóðin til þess að þarna sé á ferðinni næsta stórstjarna landsins. Þrátt fyrir að hafa misst af tæplega hálfu tímabilinu í Tékklandi vegna meiðsla deildi Hlozek markakóngstitlinum þar í landi með fimmtán mörk og átta stoðsendingar í nítján leikjum. Stærri lið í Evrópu eru farin að líta til Hlozek, sem verður eflaust undir sjónauka allra stærstu liða Evrópu í sumar.



Alexander Isak 21 ára Svíþjóð

Í fjarveru Zlatan Ibrahimovic fær Alexander Isak ábyrgðarhlutverkið að leiða lið Svíþjóðar eftir tvö góð tímabil með Real Sociedad á Spáni. Isak, sem samdi við Dortmund sautján ára gamall og afþakkaði tilboð Real Madrid, hefur undanfarin ár sýnt af hverju hann var kallaður arftaki Zlatans sautján ára gamall. Þegar stærstu lið Evrópu eru að berjast um Erling Haaland gæti Isak heillað sem ódýrari kostur með góðri frammistöðu í sumar.

Ungstirninn sem gætu slegið í gegn á fyrsta stórmóti

Að vanda eru nokkrir leikmenn í yngri kantinum, ýmist hjá sigurstranglegrí þjóðum mótsins og minni spámönnum, sem eru líklegir til að springa út ef tækifærið gefst á fyrsta stórmótinu. Fréttablaðið tók saman nokkra einstaklinga sem gætu valdið usla ef þeir fá tækifæri til að láta ljós sitt skína á Evrópumótinu í sumar.

17

Yngstu leikmenn mótsins eiga það sameiginlegt að vera ekki orðnir átján ára gamlir. Pólverjinn Kacper Kozłowski og Jude Bellingham, leikmaður Englands, verða báðir átján ára síðar á þessu ári



33

Í 33. tilraun tókst Finnlandi að komast í lokakeppni stórmóts í fyrsta sinn. Til samanburðar eru Þjóðverjar að leika á sínu 26. stórmóti í röð. Finnar léku vel og skildu Evrópu-meistarana frá 2004, Grikkland, eftir í undankeppninni.

10.011

Kílómetra þarf landslið Sviss að ferðast vegna leikja sinna í riðlakeppninni. Sviss er með æfingabúðir sínar á Ítalíu þar sem liðið leikur einn leik en Svisslendingar þurfa tvisvar að ferðast til Bakú vegna leikja. Það er sambærileg vegalengd og frá Reykjavík til Bangkok í Tailandi.



38

Elstu leikmenn mótsins eru 38 ára gamlir. Tveir þeirra, Maarten Stekelenburg og Craig Gordon, fagna 39 ára afmæli síðar á þessu ári en Pepe varð 38 ára fyrr á þessu ári.

31

Austurríki hefur aldrei unnið leik í lokakeppni EM og aðeins sex leikmenn austurríska landsliðsins voru fæddir síðast þegar Austurríki vann leik í lokakeppni stórmóts fyrir 31 ári á HM 1990 í Mexíkó. Síðan þá hefur Austurríki leikið níu stórmótsleiki, þar af sex á EM, án þess að vinna leik, síðast gegn Íslandi á Evrópumótinu 2016 sem Ísland vann með dramatísku sigurmarki.





Harpa Rún og hundarnir Kempa og Kolor. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Grúskuðu til að gera efninu skil

gun@frettabladid.is

Sumarið í sveitinni er nýttkomin bók, ætluð sem ferðafélagi fjölskyldna á leið um landið. Í henni eru spurningar, svör og fróðleikur um íslensku húsdýrin. Blýantsteikningar eru eftir Jón Ágúst Pálmason en höfundar bókarinnar eru Guðjón Ragnar Jónasson kennari og Harpa Rún Kristjánsdóttir, bókmenntafræðingur, skáld og bóndi.

„Það var Guðjón sem hratt þessu verkefni af stað. Þar mætast í honum sveitamaðurinn og kennarinn – einlægur áhugi á því að gera sveitina aðgengilega börnum,“ segir Harpa Rún. Sjálf kveðst hún samdauna þeim heimi sem bókinn fjallar um, því hafi hún ekki áttað sig fyrr á þörfinni á að miðla honum. „Ég held að Guðjón hafi hringt á nýársdag í vetur og fljótlega hófumst við handa. Guðjón á megnið af spurningunum, ég á einhverja texta. Það er fint að vinna með honum því hann er hugmyndavél og segir, „gerum þetta ... og gerum þetta ...“ og er þá búinn með helminginn. Svo gat ég fyllt upp í, lagað til og tekið út ættfræðisurningar! Við erum ágætt teymi.“

En dugði Hörpu Rún eigin hugarheimur eða þurfti hún að fletta einhverju upp? „Já, það var ýmislegt sem ég vissi ekki, hér hafa til dæmis aldrei verið svin eða geitur. Ég er heldur ekki með þjóðsagnaskepnur á hlaðinu hjá mér – sé þær að minnsta kosti ekki, en margar þeirra eru húsdýr og við fjöllum um þær. Við þurftum að grúska til að gera efnið fjölbreytt. Svo fengum við góðan teiknara sem gaf efninu svipinn sem við vorum að leita að, svolítið gamaldags en samt lifandi.“ ■



Kammerkórinn tók upp disk milli Covid-bylgna og flytur hluta af efni hans nú ásamt öðrum lögum.

MYND/ADSEND

Svífa suður á svörtum fjöðrum

Hinn tvítugi Kammerkór Norðurlands heldur tónleika um helgina í Skálholti og Langholtskirkju. Nokkur ljóð Davíðs Stefánssonar og Páls Ólafssonar við ný lög eru á dagskrá, auk norrænna perla.

gun@frettabladid.is

Tölvupóstur sem í gríni og alvöru hét: 15. neyðarfundur vegna tónleikahalds! gekk milli fólks í kórnum um daginn,“ segir Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi Kammerkórs Norðurlands, léttur. „Við gáfum nefnilega út disk síðasta haust sem heitir Á svörtum fjöðrum en það var ekki fyrr en nýlega sem við náðum að vera með útgáfutónleika fyrir norðan. Nú viljum við halda áfram, til að við verðum ekki í mörg ár með sama prógrammið, þó gott sé. Því er kórinn kominn suður og syngur í Skálholti á morgun og í Langholtskirkju í Reykjavík á sunnudag, klukkan 16 í báðum tilfellum.“

Þrískipt dagskrá

Að sögn Guðmundar Óla eru lög á disknum sem samín voru sérstaklega fyrir kórinn, við ljóð Davíðs Stefánssonar. „Þetta var gert af tvennu tilefni, 20 ára afmæli kórsins 2020 og 100 ára afmæli Svartra fjaðra, fyrstu ljóðabókar Davíðs, 2019,“ útskýrir hann. „Tónskáldin eru Hjálmar H. Ragnarsson, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Daniel Þorsteinsson, Snorri Sigfús Birgisson og ég á einhver líka. Svo frumfluttum við lag eftir móður mína, Guðrúnu J. Þorsteinsdóttur píanóleik-



„Þessi kór æfir ekki vikulega svo hann er ekki alveg venjulegur,“ segir stjórnandi hans, Guðmundur Óli. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

„Kórinn er skipaður atvinnusöngvurum að stærstum hluta, fólki sem er nótnalæst og vinnur sína heimavinnu.“

ara, við hið kunna kvæði Sestu hérna hjá mér, systir mín góð.“

Efni tónleikanna er þrískipt, að sögn kórstjórans, sem útskýrir það nánar. „Það eru þessi nýju lög við ljóð Davíðs, líka lög frá Norðurlöndunum og fjögur lög við ástarljóð Páls Ólafssonar sem ég samdi. Þannig að fólk hér fyrir sunnan fær ekki að heyra öll lögina af disknum en það er allt í lagi, það bara kaupir

hann! Davíð er grunnurinn að þessu öllu saman.“

Kórfélagar tvístraðir

„Kammerkór Norðurlands þróaðist fyrir mörgum árum upp úr Söngdögum sem haldnir voru í Skálholti fyrir áhugasamt kirkjukórafólk. Svo söngmálastjóri þjóðkirkjunnar þá, Haukur Guðlaugsson, á eiginlega upptökin,“ segir Guðmundur Óli. Sjálfur hefur hann búið sunnan heiða frá 2013 og segir það litlu hafa breytt fyrir starfsemi kammerkórsins því ólíkt mörgum kórnum sé hann ekki með vikulegar æfingar. „Það byggist á því að kórinn er skipaður atvinnusöngvurum að stærstum hluta, fólki sem er nótnalæst og vinnur sína heimavinnu. Við erum með fólk af svæðinu frá Skagafirði austur á Kópasker og tvo Norðlendinga búandi í bænum. Það er ekkert óklassískt að við hittumst kannski tvær helgar með nýtt prógramm og æfum saman og höldum svo tónleika.“ ■

Listagalleríi í miðborginni skellt í lás eftir helgi

gun@frettabladid.is

Síðasta sýningarhelgi í Lýðræðisbúllunni – áður Ekkisens – að Bergstaðastræti 25b, er að renna upp. Þar er listsýningin Milli tveggja heima, samsýning sem myndlistar- og vinkonurnar Karen Björg og Freyja Eilíf standa að. Sérlegt áhugasvið þeirra er hið óræða, samspil lita og grafísk nálgun á myndefni.

Hér er landslagið í forgrunni, þó ekki séu listakonurnar með ákveðna staðsetningu í huga, heldur huglægt ástand ferðalags. Freyja Eilíf sýnir útskornar veggmyndir og vatnslitamyndir á pappír. Karen Björg er með málverk unnin með akríl á striga þar sem einn litur leiðir af sér hinn næsta. ■



Róleg landslagslæti eftir Karen Björgu.

MYNDIR/ADSENDER



Karen Björg og Freyja Eilíf í grennd við Lýðræðisbúlluna.



VEISLAN HEFST Í KVÖLD!



TYRKLAND
ITALÍA




A RIÐILL / FÖSTUDAGUR 11. JÚNÍ
19:00 STADIO OLIMPICO



Tryggðu þér aðgang á **stod2.is**



Veðurspá Föstudagur



Suðlæg átt 5-13 m/s, en gengur í norðaustan 10-18 á Vestfjörðum nærri hádegi, hvassast á annesjum. Rigning eða skúrir víða um land, en styttnir upp á Austurlandi síðdegis. Hiti 5 til 15 stig, hlýjast norðaustantil. ■

Útskriftar-tilboð

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Karlar myndu aldrei gera þetta

Tónlistarkonan **Unnur Birna Björnsdóttir** ætlaði sér aldrei að eignast barn. Ekki vegna þess að hana langaði ekki að verða móðir, heldur þjáist hún af tókófóbíu, sjúklegrí hræðslu við meðgöngu og fæðingu. Örlögin höguðu því þó þannig að í nóvember eignaðist hún stúlku, Náttúsól Víktoríu, sem hlaut síðara nafn sitt sannarlega af ástæðu.



Næsta Instagram-ferðamannastjarnan

Stuðlagil varð Instagram-stjarna Íslendinga ferða-sumarið 2020. Nú þegar flestir eru byrjaðir að huga að ferðalögum sumarsins er ekki úr vegi að skoða hvaða staðir geta tekið við af Stuðlagili sem stjarna sumarsins.



Ástarglæpur Camillu

Sakamálasögur **Camillu Läckberg** njóta gríðarlegra vinsælda en í hljóðbókinni Jökull snýr hún baki við voðaverkum og segir ástarsögu í banvænum heimsfaraldri þar sem nánd og snerting eru einu glæpirnir.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT
1 HÁÐ
5 GREIP
6 NEYTI
8 KLAUFA-SKAPUR
10 TVEIR EINS
11 EFLDI
12 NASL
13 HEMUR
15 MÓTLÆTI
17 STARF

- LÓÐRÉTT
1 SÚLUR
2 SKAUT
3 KÚGA
4 SÖNGRÓDD
7 DYNTUR
9 FÚSLEGA
12 BJÓ AÐ
14 ELDSNEYTI
16 KVIK

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

Haraldur Baldursson (Vikingaklúbbnum) átti leik gegn Kristni Bjarnasyni (TG) á Íslandsmóti skákfélaga.

30. f6! 1-0. Superbet Chess Classic er í fullum gangi í Rúmeníu. Wesley So, Grischuk og Mamedyarov eru efstir og jafnir eftir fimm umferðir. Þriðja mótið í Brim-mótaröðinni hefst í kvöld. Enn er hægt að skrá sig til leiks.

www.skak.is: Brim-mótið. ■

Sudoku

		2	4	1			8	6
5			3	7	8		9	
4				9		7		
	4							8
		7	8			9		
		5					3	
	8	3	7				1	2
1		6	2	3	4		7	
2			1				6	

		7	9	6				5
	5						6	
3		4					8	
1	4						5	
							9	
	8		1		4			
	2					9		8
			7				1	3
	3	1		5		2	7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán





Koddahjal er í Borgarbókasafninu í Grófinni og vinnustofa haldin.

Koddahjal í Grófinni

kolbrunb@frettabladid.is

Koddahjal - Endurhlaða eftir Sonju Kovačević er innsetning í Borgarbókasafninu Grófinni sem gefur áhorfandanum innsýn í líf hælisleitenda og flóttamanna á Íslandi.

Framsetningin er einföld; hátalarar hafa verið settir á samanbrjótanlega bedda, eins og notaðir eru sem rúm fyrir hælisleitendur, og úr hátölurum heyrast síðan fjölmargar ólíkar frásagnir.



Frásagnirnar hafa verið settar saman með það í huga að veita innsýn í líf manneskjunnar sem þær lýsa.

Áhorfandanum býðst að leggjast niður og hlusta. Frásagnirnar hafa verið settar saman með það í huga að veita innsýn í líf manneskjunnar sem þær lýsa og til að gefa áhorfandanum færi á að tengjast sögu flóttamanns á nýstárlegan hátt.

Koddahjal var sýnt á Listahátíð í Reykjavík árið 2018. Verkið hefur verið lagað að Borgarbókasafninu Grófinni og samfara því verður haldin vinnustofa, en hún er hugsuð til að kveikja umræður um efnid, sem sannarlega á enn erindi við samtímann.

Sonja Kovačević er austurrískur leikhúsframleiðandi sem búsett er á Íslandi. ■

Þroskaðar konur með sviðssjarma

DANS

Vorblót Tjarnarbíós og Reykjavík Dansfestival 2021

Tjarnarbíó
3.-6. júní

Sesselja G. Magnúsdóttir

Hátíðin var opnuð í Tjarnarbíói fimmtudagskvöldið 3. júní með „sýnt og sagt“ formi á dagskránni. Dansarar sýndu og sögðu frá því sem þeir höfðu verið að gera undanfarið ár og áhorfendur máttu spyrja. Andrúmsloftið var afslappað og augljóst að allir voru glaðir að vera aftur saman.

Katrín Gunnarsdóttir byrjaði dagskrána í bláa vinnugallanum sínum með verkinu Dans(a). Verk sem hún frumsýndi á Reykjavík Dansfestival í september 2020 en þá í sal Dansverkstæðisins. Katrín hefur þróað persónulegan stíl í gerð sólóverka. Hún sækir þar mikið í eigin reynsluheim sem dansari og vísar þar ekki síst í vinnu dansarans á leiðinni að endanlegri útkomu. Í Dans(a) færir hún upphitunarrútinu í spariföt og setur á svið.

Aðalheiður Halldórsdóttir, Saga Sigurðardóttir og Halla Þórðardóttir veittu áhorfendum innsýn inn í hugmynd að dulúðlegu dansverki þar sem rödd og kvenleiki léku stórt hlutverk. Verulega spennandi trió, þær stóllur. Það er yfir þeim orka sem vekur væntingar um að eitthvað spennandi sé í vændum.

Leyninúmer kvöldsins voru Ásgeir Helgi Magnússon, Una Björg Bjarnadóttir, Erna Gunnars og Sigurður Andrean Sigurgeirsson. Þau mættu með krafti á sviðið og tóku K-pop senu. Tónlistin í botni, salurinn á iði, gleðin streymdi um æðarnar. Hreyfingar og tónlistin í hamingjusómum leik, 1234, 1234. Engin sorg eða sýt, kaldhæðni eða duldar meiningar, bara kraftur og gleði.

Og svo breyttist dansinn í hógvært ljóð. Melanie Noel steig á svið og flutti ljóð um það sem hún hafði upplifað og séð í verkunum á undan. Andstæðurnar voru hrópanði. Fyrst þessi kynngikraftur og svo hvíslandi ró.

Kvöldið endaði á verki eftir Michael Richardt Petersen sem var ögrandi en líka svæfandi og leiðinlegt. Það situr samt í sálinni og huganum. Það var einhver fegurð í því að neyðast til að horfa á tilgangsleysið og



Hvitt eftir Ragnheiði Sigurðardóttur Bjarnason var síðasta sýning hátíðarinnar.

MYND/CARLO CUPAIOLLO



Það voru þreyttir en sælir áhorfendur sem kvöddust að törninni lokinni enda allir komnir úr æfingu í að mæta á sýningar kvöld eftir kvöld.

endurtekninguna og þegar nafnið á verkinu var kynnt, Black holy shit, fékk það meiri merkingu.

Tvær Júlíur

Föstudaginn 4. júní var opin æfing hjá Ernu Ómarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur á Júlíu-dúettinum. Dansverki innblásnu af ballettinum Rómeó og Júlía við tónlist Prokofiev og þeirra eigin uppsetningu á Romeo und Juliet fyrir Gärtnerplatztheatre 2018. Júlíu-dúettinn er endurvinnsla á sumum þeirra hugmynda sem þar komu upp í nýju samhengi og notkun annarra sem þá þurfti að henda. Nú eru það bara tvær Júlíur sem áhorfendur fá að kynnst en Rómeó er hvergi sjáan-

legur. Verkið endar kannski ekki heldur með dauða heldur áframhaldandi lífi með öllu sem því fylgir. Það verður áhugavert að sjá endanlega útkomu þegar þar að kemur.

Engar sýningar eins

Verk Steinunnar Ketilsdóttur, The Practice Performed, sækir í hugmyndir Merce Cunningham um að nota tilviljanakenndar leiðir til að ákvarða uppbyggingu dansverka og spuna sem sýningaraðferðar. Sýningin hefst á því að aðstandendur hennar sátu á sviðinu og drógu miða úr boxi sem sögðu hversu margir dansarar ættu að dansa í einu, hverjir og hversu lengi. Steinunn notar síðan spuna inn í þann ramma sem miðarnir gefa. Cunningham aftengdi líka dansinn við ljós og tónlist þannig að formin mættust ekki fyrr en á sýningardegi. Hjá Steinunni eru það líka ekki aðeins dansararnir sem spinna heldur líka ljósamenn og hljóðhönnuður.

Spunasýningar hafa lítið sést í dansi hér á landi en dansararnir í verkinu kunnu samt greinilega sitt fag. Spuni krefst mikillar hlustunar og færni í honum fæst ekki nema með góðri þjálfun. Danshópurinn hafði þessa færni á takteinum, ekki síst Védís Kjartansdóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Snædis Lilja Inga-dóttir, sem náðu falletgri samvinnu og sköpuðu áhugaverð andartök. Dansverkið The Practice Performed verður sýnt í nokkur skipti í Tjarn-

arbíói og það er algjörlega þess virði að fara og sjá. Það má jafnvel fara aftur og aftur vegna þess að engar tvær sýningar eru eins.

Viðkvæmt verk

Síðasta sýning hátíðarinnar var Hvitt eftir Ragnheiði Sigurðardóttur Bjarnason. Afar persónuleg sýning þar sem fjölskyldan hennar tók þátt í henni. Systir, foreldrar, afi og ömmur voru mætt upp á svið til að tjá með hreyfingu tengsl, ást og sorg. Hvitt er falletgt verk. Það krefur áhorfandann um hæfileika til að njóta kyrrðar og flæða með hljóðheiminum og því smáa sem gerðist á sviðinu. Hugsanlega hefði hver kaflí verksins mátt vera styttri. Verkið er viðkvæmt og varð fyrir smá hnjaski í lokin þegar opnað var út úr salnum áður en það var búið því endirinn og upphafið eru óvenjuleg en áhrifarík.

Það voru þreyttir en sælir áhorfendur sem kvöddust að törninni lokinni enda allir komnir úr æfingu í að mæta á sýningar kvöld eftir kvöld. Aðsókn var góð á allar sýningarnar.

Vorblótið endurspegladi enn og aftur kraft kvenna og sýndi líka hvernig viðhorf til aldurs dansara er að breytast. Stærsti hópur þeirra sem stígu á svið voru þroskaðar konur og mæður með óendanlegan sviðssjarma og færni og þekkingu á sínu fagi. Lengi lífi dansinn í okkur og við í honum. ■

Þurftu ekki geðlækni til að fúnkera

TÓNLIST

Tónleikar

★★★★★

Kórinn Viðlag söng lög úr ýmsum áttum
Tónlistarstjórn, kórstjórn, undirleikur og píanóleikur:
Axel Ingi Árnason.
Leikstjórn: Agnes Wild
Gaflaraleikhúsið
Þriðjudaginn 8. júní

Jónas Sen

Íslenskur grínisti sagði einu sinni að fúga væri það þegar hljóðfærin koma inn eitt og eitt í einu og áheyrendur fara út einn og einn í einu. Meistari fúgunnar var Bach, en margir aðrir hafa spreytt sig á að semja fúgur, sem eru eins konar keðjusöngur á sterum. Sjálfur Glenn Gould samdi fúgu, sem er sungin. Textinn er húmorískur og fjallar um það að semja fúgu og þau vandamál sem þá koma upp.

Svipuð hugmynd lá til grund-

vallar óvenjulegra kórtónleika sem voru haldnir í Gaflaraleikhúsinu á Þriðjudagskvöldið. Tónlistin var öll úr söngleikjum og Disney-myndum. Textanum hafði þó verið breytt og var um það að stofna kór fyrir söngleikjanörda, um símtöl til efnilegra söngvara, söngprufur, samband stjórnanda og kórmeðlima, rifrildi og meting, en líka kærleika og vináttu.

Ekki sundurlaust

Stjórnandi kórsins var Axel Ingi Árnason og hann var allt í öllu, spilaði á píanó og sá um tónlistarstjórn. Lögin voru eftir höfunda á borð við Charles Strouse, Alan Menken, Marc Shaiman og marga fleiri. Söngleikjatónlist er í rauninni ósköp keimlík að forminu til, hún hefur ákveðna stígangi, sem birtist í fjölbreyttari hljómagangi en gengur og gerist í poppinu. Stígandinn er þó alltaf svipuð og kemur sjaldnast á óvart. Þetta eru klisjur á klisjur ofan, sem er í finu lagi, því tónlist þarf ekki alltaf að vera einhver intellektúal rembingur.



Hvert einasta lag var flutt af innlifun, segir Jónas Sen.

MYND/ÞÓRIR JENSSON

Hvert einasta lag var flutt af gríðarlegri innlifun. Þetta voru ekki bara tónleikar, heldur hafði dagskráin á sér söngleikjayfirbragð, með alls konar leikrænum tilþrífum. Þau virkuðu eðlilega undir leikstjórn Agnesar Wild. Agnes og Axel Ingi sömdu einmitt handrit tónleik-

anna. Sviðshreyfingarnar, sem voru undir stjórn Birnu Björnsdóttur og Katrínar Mistar Haraldsdóttur, voru afslappaðar og flæðandi, og heildarmyndin því falletg.

Misgóður söngur

Söngurinn sjálfur var dálítið mis-

jafn. Einsöngsstrófur nokkurra kórmeðlima komu ekki nægilega vel út, en heil einsöngslög, sem voru í höndunum á ólíkum söngvurum, voru yfirleitt forkunnarfögur. Kór-söngurinn sjálfur var nokkuð hrár, og hefði þurft að faga meira; stundum var nánast eins og hver syngi með sínu nefi. Inn á milli var hann hins vegar þrýðilegur.

Textinn var skondinn og maður skellti upp úr oftan en einu sinni. Hann var rauði þráðurinn í sýningunni, límið sem hélt öllu saman. Stemningin var góð á tónleikunum; þau voru ófá húrrahrópin og blístrin. Í heimildarmynd um þungarokkshljómsveitina Metallica, Some Kind of Monster, kemur fram að hljómsveitin ferðast með geðlækni meðferðis. Hljómsveitarmeðlimir eru búnir að vera svo lengi starfandi að þeir þola ekki hver annan lengur og þurfa geðlækni til að fúnkera. Sú var örugglega ekki raunin hér. ■

NIÐURSTAÐA: Skemmtilegir tónleikar með falletgri tónlist.

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.

19.00 Eldhugar (e) Í Eldhugum fara Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

19.30 433.is (e) 433.is er fréttar- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

20.30 Fréttavaktin úrval Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.

21.00 Eldhugar (e) Í Eldhugum fara Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.20 Sumarlandinn 2020
11.55 Gönguleiðir Hornafjörður.
12.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
12.30 Okkar á milli Vignir Daðason.
13.05 Ferðastíklur Breiðafjarð-areyjar.
13.40 Nýjasta tækni og visindi
14.05 Hásetar
14.30 Trump-sýningin
15.20 Átjándi öldin með Pétri Gunnarssyni
15.55 Grænkeramatur
16.25 Saman að eilífu
16.55 Klofningur
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.28 Fjölskyldukagginn
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Algjör Sveppi og Góí bjargar málunum Sjónvarpsþættir gerðir eftir samnefndri kvikmynd. Vinirnir Sveppi og Villi komast að því að erkióvinur þeirra hyggur enn á landsyfirráð og hefur í þetta sinn byggt ægilega dómsdagsvél. Ekkert annað er í stöðunni en að stöðva þessi illu áform og bjarga málunum. Aðalhlutverk: Sverrir Þór Sverrisson, Guðjón Davíð Karlsson og Vilhelm Anton Jónsson. Leikstjórn: Bragi Þór Hinriksson. e.
20.15 Dýrin mín stór og smá All Creatures Great and Small
21.05 Fyrir framan annað fólk Íslensk rómantísk gamanmynd um Húbert, hlédræg-an auglýsingateiknara. e.
22.35 Barnaby ræður gátuna Midsomer Murders
00.05 ABC-morðin ABC Murders - Agatha Christie
01.05 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

09.45 PGA Special. One Shot Away 2021

10.10 LET Tour 2021 - Highlights

11.00 European Tour Bein útsending frá Scandinavian Mixed.

16.00 LPGA Tour Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.

19.00 PGA Tour Bein útsending frá Palmetto Championship.

22.00 LPGA Tour Bein útsending frá LPGA Mediehal.

Sjónvarp Símans

06.00 **Siminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **The Biggest Loser**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Meikar ekki sens** Ferskir og orkumiklir sketsaþættir sem feta nýjar slóðir.
20.35 **The Bachelorette**
22.35 **Rain Man** Charles Sanford „Charlie“ Babbit er sjálfum-glaður bílasali, kvennamaður og veðmangari, sem á í innri baráttu með sjálfan sig.
00.45 **End of Watch** Tveir félagar í lögregluliði Los Angeles-borgar lenda í kröppum dansi þegar rútínuverkefni leiðir þá á slóð hættulegra manna sem hika ekki við að bjóða lögreglunni byrginn.
02.30 **Belleville Cop** Gamansöm spennumynd frá 2018 með Omar Sy (Intouchables) í aðalhlutverk.
04.15 **Siminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegðið Fyrri og seinni hluti.
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegðið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Málið er Vissu ekki að hann væri að taka lyf.
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Vinill vikunnar
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spigillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Lög úr Danslaga-keppni SKT - annar hluti.
19.45 Lofthelgin
20.30 Mannlegi þátturinn
21.25 Kvöldsagan. Njáls saga (20 af 29).
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

12.15 Early Release
13.45 Step Up 6
15.10 Ace Ventura. Pet Detective
16.35 Early Release
18.05 Step Up 6
19.35 Ace Ventura. Pet Detective
21.00 Bombshell
22.45 Venom
00.35 Replicas
02.20 Bombshell

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Divorce
09.50 Grand Designs. Australia
10.40 Shark Tank
11.25 Hvar er best að búa?
12.10 Golfarinn
12.35 Nágrannar
12.55 Kevin McCloud's Rough Guide to the Future
13.40 Framkoma
14.10 Lóa Pind. Snapparar
14.40 Eldhúsið hans Eypórs
15.05 Jamie's Quick and Easy Food
15.30 Veronica Mars
16.15 Race Across the World
17.15 Modern Family
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 The Greatest Dancer Dans- og skemmtipáttur þar sem gleði, glamúr og taumlaus hamingja ráða ríkjum.
20.05 Í kvöld er gíg
20.55 Mary Gary Oldman og Emily Mortimer fara með aðalhlutverkin í þessari mögnuðu hrollvekjju.
22.20 Green Book
00.30 Unlocked Hörkuspennandi mynd frá 2017.
02.05 The Mentalist
02.45 Divorce
03.15 Grand Designs. Australia

Stöð 2 Sport

08.45 KA - Valur Útsending frá leik í Lengjubíkar karla.

10.25 ÍBV - KA/Þór Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.

11.40 EM 1980 Heimildabáttur um Evrópuemeistaramótið í knattspyrnu árið 1980.

12.35 Fylkir - Tindastóll Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.

14.15 ÍBV - Valur Útsending frá leik í Olís-deild karla.

15.45 Topp 5

16.05 Stjarnan - Haukar Útsending frá leik í Olís-deild karla.

17.30 Seinni bylgjan karla - Upphitun

17.55 Haukar - Stjarnan Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.

19.40 Valur - ÍBV Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.


21.30 Seinni bylgjan - karla

22.30 Fylkir - Tindastóll

00.10 Haukar - Skallagrímur Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.

Stöð 2 Sport 2

08.25 Belgía - Grikkland
10.10 Spánn - Portúgal
11.45 Svíþjóð - Armenía
13.25 Þólland - Rússland
15.05 Real Madrid - Valencia
Basket
17.00 La Liga: Top Goals 2021
18.00 EM í dag - Upphitun
19.00 Tyrkland - Ítalía Bein útsending frá leik í EM 2020.
21.00 EM í dag
22.00 Ísland - Írland Útsending frá vínáttulandsleik í A-deild kvenna.
23.40 Saga Evrópumótsins í fótbolta í þættinum eru afrek Frakklands á EM 1984 og Tékkóslóvakíu á EM 1976 rifjuð upp.
00.05 Saga Evrópumótsins í fótbolta í þættinum eru afrek Hollands á EM 1988 og Grikklands á EM 2004 rifjuð upp.




ÍSLENSK MYNDLIST Á 21. ÖLD

10.06–17.10.2021



Nýr inngangur!

Gengið er inn
um portið – frá
Naustum (milli
Hafnarhúss og
Tollhúss)



Listasafn Reykjavíkur
#listasafnreykjavikur
listasafnreykjavikur.is



Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík
411 6410



Opið daglega
10:00–17:00
Fimmtudaga
10:00–22:00

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur
óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook — ekki hika við að fylgja okkur þar, við
gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



Götu-
stillinn hjá
Rihönnu
er alltaf
frumlegur
og töff.



Í bleikum tjullkjól frá
Giambattista Valli og
uppbundnum Manolo
Blahnik skóm.



Klúturinn
yfir der-
húfuna setur
punktinn
yfir i-ið, þótt
þetta lúkk
sé vafalaust
ekki allra.



Á röltinu í
New York
í kjól frá
hennar
eigin merki,
Fenty.



Söngkonan Rihanna hefur lengi verið þekkt fyrir að fara sínar eigin leiðir í fata-
vali, alltaf verið rómuð fyrir að vera
frumleg og klæða sig nákvæmlega
eftir eigin smekk. Hún heldur mikið
upp á sölgleraugu og skartar þeim
allt eins líka á kvöldin.

steingerdur@frettabladid.is

Rihanna er ein þekktasta söngkona í heimi og er ótrúlega
frumleg og glæsileg þegar kemur að fatavali. Hún filar að
klæða sig í einlit þegar hún er á rauða dreglinum og rak
sitt eigið fatamerki, Fenty, sem er eftirnafn hennar.
Síðustu árin hefur hún einnig reynt fyrir sér í leik-
listinni við góðan orðstír. Tískuspekúlantar erlendis
hrósa henni í bak og fyrir, fyrir það hve óhrædd hún
er við að velja fót sem eru öðruvísi og jafnvel ögra, þótt
smekkur hennar sé eflaust ekki allra. ■



Aldrei þessu
vant með
sölgleraugu
í stærri
kantinum
og „saddle“
-tösku frá Dior.



Ótrúlega flott í kjól
frá franska merkinu
Saint Laurent.



Í hvítu að kynna bókina
„Rihanna“, sem kom út
fyrir tveimur árum.



Í mintu-
grænum kjól
frá hennar
eigin merki,
Fenty.



Mætt á
frumsýningu
Ocean's 8
í kjól frá
franska
merkinu
Poiret.

Vilhjálm í annað eða þriðja sæti!



Stjórn­mál snúast um
fram­ tíðina með reynslu
fortíðar í farteskinu.

Vilhjálmur Björnsson

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Þetta eru sturlaðar fyrirmyndir fyrir alla

Hulda Mýrdal Gunnarsdóttir rekur vefverslunina Heimavöllurinn.is en þar er hægt að fjárfesta í fótboldatreyjum merktum íslenskum fótbolda-konum. Hún segir tímabært að ungar stúlkur geti speglað sig í sínum fótboldahetjum.

steingerdur@frettabladid.is

Helsta ástríða Huldu Mýrdal Gunnarsdóttur er fótboltinn, en hún byrjaði sjálf að æfa fimm ára gömul hjá KR. Faðir Huldu, Gunnar Mýrdal, var á þeim tíma læknir KR-liðsins og því kom ekkert annað til greina.

„Ég er líka ættuð frá Akranesi og þar snýst allt um fótbolta. Ég man ekki eftir mér öðruvísi en að horfa á spólur með afa mínum af eld-gömlum heimsmeistaramótum,“ útskýrir hún.

Hulda stofnaði fótboldahlað-varpið Heimavöllurinn með Mist Rúnarsdóttur í lok árs 2018.

„Við vorum sammála um að það væri galið að það væri ekki til eitt hlaðvarp um konur í fótbolta, ég skildi í raun ekki af hverju. Við bara bombuðum okkur í þetta og stofnuðum líka Instagram-reikning til að ná til fleira fólks. Þar höfum við sett efni inn daglega og það hefur í raun alveg sprungið. Markmiðið með því er að fólk kynnist fleiri leikmönnum í öllum deildum hér heima og úti, viti hvað er að gerast. Það er bara kominn tími á að draga leikmennina sem hafa náð svakalegum árangri síðustu árin fram í sviðsljósið, sem þær eiga skilið,“ segir Hulda, sem er algjörlega á því að það mætti vera mun fleiri konur í sjónvarpsþáttum og hlað-varpsþáttum þar sem fjallað er um fótbolta.

Frábær viðbrögð

Hulda fór að fá ábendingar frá foreldrum knattspyrnustúlkna um hvað það væri sorglegt að ungum stúlkum og drengjum stæði einvörðungu til bóða að kaupa treyjur merktum karlkyns fótboldahetjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

„Það er árið 2021. Það er bara skritið að ung stelpa labbi inn í íþróttabúð og það sé ekki fullt af vörum af leikmönnum sem eru að sigra heiminn sem hún getur speglað sig í. Það eru galin skila-böð. Hvernig á að útskýra það fyrir átta ára stelpu sem langar að verða atvinnukona í fótbolta? Þannig að þess vegna varð heimavöllurinn.is til. Við ákváðum að hefja sölu á treyjum merktum stórstjörnunum og framleiða plaköt til að breyta leiknum. Það er svo geggjað að sjá hlutina breytast, viðbrögðin frá for-

Huldu þótti merkilegt að þrátt fyrir að vera ein besta fótboldakona landsins, þá seldi engin af stærri íþróttavörubúðum landsins treyju liðs Söru Gunnarsdóttur, Lyon.



eldrum, og við erum að gera þetta af lífi og sál. Við leggjum mikið upp úr því að gera þetta aðeins skemmtilegra. Til dæmis þessa dagana, ef þú kaupir Lyon eða Bayern München-treyju þá er hægt að biðja um áritun frá Söru Björk og Karólínu

Leu Þýskalandsmeistara. Við viljum gera þetta almennilega,“ segir hún. Viðbrögðin hafa verið frábær en Hulda segir þau í raun ekki hafa komið sér á övart

„Það segir sig bara sjálft. Við erum með treyjur af leikmönnum

sem hafa náð ótrúlegum árangri og það eru fótboldakrakkar úti um allt sem líta upp til þeirra.“

Þurfa líka að vera sýnilegar

Hulda segir það skipta máli fyrir unga fótboldaiðkendur að eiga fyrirmyndir. „Þær þurfa líka að vera sýnilegar. Með því valdeflum við ungar stelpur og þær sjá að þær geta látið drauma sína rætast eins og okkar bestu konur.“

Hún hefur orðið vör við að drengirnir séu líka að fjárfesta í treyjum merktum fótboldakonum, sem henni finnst mjög skemmtilegt.

„Já og það er geggjað. Ég var að labba í Fagralundi um daginn og sá tvo merktu Gunnarsdóttir. Þá hugsaði ég bara: „Frábært, það er vel hægt að breyta heiminum.“ Þetta á að vera jafn sjálfsagt og að stelpa sé í Sigurðsson-treyju. Foreldrar þurfa líka að taka ábyrgð, ég held að þeir átti sig ekki á því hvað þau geta bætt jafnrétti. Eins og Sara Björk Gunnarsdóttir og Sveindís Jane Jónsdóttir. Þetta eru sturlaðar fyrirmyndir fyrir alla.“ ■



Ég var að labba í Fagralundi um daginn og sá tvo merktu Gunnarsdóttir. Þá hugsaði ég bara: „Frábært, það er vel hægt að breyta heiminum.“

Hulda heldur einnig úti fótboldahlaðvarpinu Heimavöllurinn með Mist Rúnarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í LOFTINU

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

VIRKA DAGA 16:00-18:30

SÆKTU NÝJA APPIÐ!

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
Guðmundsdóttur



Líf og dauði á gervigrasinu

Rannsóknir Davids Attenborough á hegðun, atferli og framkomu fjölmargra dýrategunda hafa veitt söfa-dýrum ómælda ánægju í gegnum tíðina. Þó er ein dýrategund sem ég sakna úr umfangsmiklu safni náttúrufræðingsins og fjölmiðla-mannsins. Það er manndýrið. Ef Attenborough hefði lagt sig eftir því að rannsaka manninn er ég viss um að hann hefði annars vegar litið til hegðunar tegundarinnar í kringum fengitíma, þá á lendum öldurhúsa, hins vegar til atferlis og framkomu tegundarinnar að loknum mökun-artíma, þegar afkvæmi hennar eru farin að berjast upp á líf og dauða á sléttum gervigrassins.

Þar skiptast afkvæmin í tvær hjarðir sem eru sundurgreindar með litum og mynstri. Mín uppá-haldshjörð klæðist til að mynda hvítum og rauðum rákum fyrir baráttu sléttunnar. Þrátt fyrir að úrslit baráttunnar fari eingöngu fram fyrir tilstilli tæknilegrar færni, líkamlegs styrks og andlegs úthalds afkvæmanna, hafa foreldrar flestra afkvæmanna ekki sleppt af þeim hendinni. Foreldrarnir standa þannig til hliðar við sléttuna, oft nokkuð hátt og hafa þannig góða yfirsýn yfir baráttuna, og gefa frá sér sérkennileg hljóð sem oft minna á hávært gagg stærri fuglategunda. Gagginu er oftast ætlað að blása hjörð afkvæmisins baráttuanda í brjóst, trufla óvinahjörðina eða leiðbeina hvort tveggja hjörðinni og dómaranum.

Ef við leggjum eyrun við og hlustum eftir gagginu á hliðarlínunni virðist baráttu afkvæmanna vera upp á líf og dauða. Oft þannig að hjarðir manndýranna á hliðarlínunni fara að berjast innbyrðis. Afkvæmi tegundarinnar eru sem betur fer, þrátt fyrir einstaka skrið-tæklingu, skynsamari. ■



ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, 7.-13. JÚNÍ 2021

25% AFSLÁTTUR

STILLANLEGIR DAGAR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is

Á LÝKUR LAUGARDAGINN 12. JÚNÍ

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING

- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

C&J stillanlegur Platinum botn með Hollandia Lili latex heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 349.900 kr.

Tilboð 262.452 kr.

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarks-slökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

C&J stillanlegur Platinum botn með Tempur Original, Cloud eða Firm heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 419.900 kr.

Tilboð 314.925 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur


VIVANT SPLENDID ROYAL

STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFUÐGAFLI ÚR HÓTEL RÚMALÍNU SERTA

Stillanlegt rúm með þráðlausri fjarstýringu sem kemur þér í þá stöðu sem þér hentar. Hægt er að sérsníða rúmið að þínum þörfum, velja um 3 mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi topp dýnur.

Vivant Splendid Royal stillanlegt með gafli, 2x80x200 cm. Fullt verð: 499.900

Tilboð 374.925 kr.



Náttborð eru seld sér.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

